

ÁRSSKÝRSLA

20
15



UMHVERFISSTOFNUN

PHOTO: DIEGO BELSO. DIELSO.PHOTO. LICENSE: CC-BY-SA


EFNI

36

**SAMBÆTTING
OG EFTIR-
FYLGNI**

**HREINT LOFT OG
TAKMÖRKUN
GRÓÐURHÚSA-
ÁHRIFA**

14



18

**VERNDUN
NÁTTÚRU OG
LÍFFRÆÐILEGRAR
FJÖLBREYTNÍ**

22

**HREINT
HAF OG
VATN**



34

**GRÆNT
SAMFÉLAG**



26


HEILNÆMT UMHVERFI

30

SJÁLFBÆR NÝTING AUÐLINDA

LEIÐANDI STOFNUN

40



GRÆNT SAMFÉLAG, GRÆNIR FERÐAMANNASTAÐIR **SÍÐA 4**

STARFSÞRÓUN ER MIKILVÆG **SÍÐA 6**

ALLTAF HÆGT AÐ GERA BETUR **SÍÐA 8**

STÓRAUKIN UPPBYGGING FYRIR FERÐAMENN **SÍÐA 10**



UM OKKUR

Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun, en hlutverk hennar er einnig markað af fjölda annarra laga. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

© UMHVERFISSTOFNUN 2016

Ritstjóri: Guðfinnur Sigurvinsson

Forsíðumynd: Diego Delso, delso.photo

Útgáfunúmer: UST-2016:02

Apríl 2016

GRÆNT SAMFÉLAG, GRÆNIR FERÐAMANNASTAÐIR

Til framtíðar má búast við miklum vexti innan græna geirans á heimsvísu og þar þurfum við að vera í fararbroddi.



Umhverfisstofnun vinnur í samræmi við stefnumótun frá 2013 og setur fram okkar sýn á meginverkefni til ársins 2017. Á þessum tíma hefur margt áunnist en ný verkefni og áskoranir skapast líka. Síðustu ár höfum við hjá Umhverfisstofnun innleitt teymavinnu. Teymin standa vikulega fyrir framan töflu sem hefur að geyma á myndrænan hátt þau verkefni sem eru væntanleg, verkefni sem unnið verður að í vikunni og síðast en ekki síst er þar að finna mikilvægan dálk yfir lokin verkefni. Við megum nefnilega ekki gleyma því sem áunnist hefur þrátt fyrir annríki. Ársskýrsla stofnunarinnar dregur einmitt fram þau verkefni sem er lokið og sýnir fram á af hverju það var mikilvægt að ráðast í þau. Skýr tengsl eru á milli ársáætlunar og ársskýrslu. Í ársáætlun setjum við fram helstu áhersluverkefni sem við ætlum að vinna að, áætlum hversu mörg föst verkefni verða og hvaða gagnaskil eru framundan. Við eigum gott samráð við ráðuneytið um þessa forgangsörðun og síðan förum við yfir í ársskýrslu sem sýnir hvernig okkur gekk að ná þeim árangri sem að var stefnt. Það er gríðarlega mikilvægt, að stofnanir sem starfa fyrir almennafé og er falið mikilvægt hlutverk skv. lögum og reglugerðum, geri grein fyrir starfi sínu og að við hlustum um leið á uppbyggilega gagnrýni.

GRÆNT SAMFÉLAG

Á árinu hefur ýmislegt markvert verið gert til að grænka samfélag okkar til framtíðar. Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur sett stefnu til næstu 12 ára þar sem áhersla er lögð á nægjustemi, betri nýtingu og minni sóun. Áhersla er lögð á að koma í veg fyrir myndun úrgangs, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, efla græna nýsköpun og síðast en ekki síst minna á að við þurfum öll að taka þátt.

Auka þarf sjálfbæra neyslu og við þurfum einfaldlega að neyta minna. Tryggja þarf einnig að með auknum hagvexti fylgi ekki aukin losun á úrgangi heldur nýtum við hann sem hráefni. Draga þarf úr notkun einnota umbúða og stuðla að hönnun vöru með efnunum sem eru ekki skaðleg heilsu og umhverfi.

Fyrsta áhersluatriði í nýju stefnunni er matarsóun. Matarsóun veldur óþarfa álagi á umhverfið, þar á meðal meiri losun gróðurhúsalofttegunda. Gera má ráð fyrir að um 5% af árlegri heildarlosun Íslands af gróðurhúsalofttegundum komi til vegna matarsóunar. Matarsóun er því sóun á hráefni og fjármunum, býr til mengun og eykur losun gróðurhúsalofttegunda. Við hjá Umhverfisstofnun höfum unnið markvisst að því að draga úr matarsóun hjá stofnuninni í samvinnu við ISS sem sér um mötuneyti okkar. Með því að fá starfsfólk til að skrá sig í mat fyrirfram, bættu skipulagi og upplýsingagjöf hefur okkur tekist að draga úr matarsóun um 40%. Ef við myndum taka þessa tölu og yfirfæra á alla þá sem vinna hjá ríkinu og áætla að hægt væri að ná sama árangri, værum við að urða 100 tonnum minna af lífrænum úrgangi á ári, spara mikla fjármuni og vernda umhverfið. Þetta er ekkert flókið, þetta snýst um að venja sig á nýja siði og eftir skamman tíma verða þeir jafn sjálfsgöðir og sólin.

GRÆN FYRIRTÆKI

Ný og spennandi fyrirtæki sem búa til verðmæti úr úrgangi eru að ryðja sér til rúms. Við vitum af gríðarlegri verðmætaaukningu í fiskvinnslu þegar farið var að búa til verðmæti úr aukaafurðum sem áður var hent. Á sínum tíma var mikil andstaða við banni um að henda fiskúrgangi í sjóinn, umhverfisyfirvöld voru sökuð um að vera ekki í

tengslun við raunveruleikann og að bannið væri fáránlegt. En nú sjáum við afrakstur, þetta kallast snjallar reglugerðir, þ.e. reglur sem ýta fyrirtækjum í átt að grænum tækifærum. Umhverfisstofnun hefur unnið að norrænu verkefni sem miðar að því að kortleggja hvar lífrænn úrgangur verður til með það að markmiði að auðvelda nýsköpun, því grunnur að nýrri vöru er að vita hversu mikil hráefni við höfum til að vinna úr. Við leggjum okkar af mörkum en óflokkaður úrgangur frá Umhverfisstofnun var einungis 7% af heildarúrgangi frá stofnuninni.

RÍKIÐ SEM DRIFKRAFTUR

Til að styrkja grænt hagkerfi og grænt samfélag er mikilvægt að ríkið og stofnanir þess gangi á undan með góðu fordæmi. Þátttaka stofnana í Grænum skrefum og skilum á Grænu bókhaldi hefur nú þegar skilað sparnaði bæði fyrir ríkið og umhverfið. Pappírnotkun stofnana sem skiluðu Grænu bókhaldi fyrir árið 2014 minnkaði um 29%. Ef allar stofnanir myndu minnka pappírnotkun eins mikil og þær sem skila Grænu bókhaldi, sparast 70,6 milljónir króna í ríkisrekstrinum.

Rafmagnsnotkun hefur lækkað um 13% milli ára eða um 57 milljónir milli ára. Hér er því um raunverulegan umhverfis- og rekstrarlegan ávinning að ræða. Landmælingar Íslands hafa minnkað pappírnotkun úr 50.000 blöðum í 25.000 blöð á ári. Háskóli Íslands hefur sparað 2,6 milljónir í prentkostnað milli árána 2013-2014 eða um rúm 2 kg á hvern nemanda og starfsmann í skólanum.



Þriðjungi
framleiddra
matvæla er
sóað



Matarsóun veldur óþarfa álagi á umhverfið, þar á meðal meiri losun gróðurhúsalofttegunda.

GRÆNIR FERÐAMANNASTAÐIR

Ein af nýjum áskorunum er hin mikla aukning á fjölda ferðamanna til landsins og sú staðreynd að núorðið koma þeir allan ársins hring en ekki yfir hásumarið einvörðungu. Þessi staðreynd kallar á breyttar áherslur hjá stofnuninni, bæði hvað varðar uppbyggingu innviða en ekki síður í að tryggja að þeir ferðamannastaðir sem verið eru að byggja upp séu grænir. En hvað eru grænir ferðamannastaðir? Það er þar sem upplifun ferðamannsins helst í hendur við væntingar um stórfenglega náttúru, þar sem hlúð er að náttúrunni en ekki gengið á hana, þar sem efnanotkun er sjálfbær, þar sem stýring er til fyrirmyndar. Við þurfum jafnframt að huga að þolmörkum heimamanna, við viljum taka vel á móti fólki og til þess að það megi verða þá þurfa að vera skýr tengsl milli hagsældar heimamanna og aukningar í ferðamennsku, það þarf að vera eitthvað eftir sem allir geta nýtt sér. Umhverfisstofnun vill taka þátt í uppbyggingu fyrir rafmagnsbílavæðingu á Íslandi. Við erum í miklum uppbyggingarfasa og við viljum tryggja að sú uppbygging auðveldi umskiptingu frá bensín- og díselbílum yfir í rafmagnsbíla. Það eru innviðir sem nýtast ferðamönnum sem og heimamönnum. Ef

við getum ekki gert þetta á Íslandi, hvar er þetta þá hægt?

Við þurfum að hugsa um áfangastaði fyrir ferðamenn á heildstæðan hátt, þetta snýst um skynjun. Hvaða skilaboð erum við t.d. að senda með því að selja vatn í flöskum sem hægt er að taka af krana? Þetta vatn er klárlega ekki ætlað til sölu fyrir Íslendinga. Erum við að segja með því raða upp stæðum af vatnsflöskum fyrir ferðamenn að gæðum vatns á Íslandi sé ekki treystandi og að betra sé að kaupa neysluvatn? Jafnframt er ekki auðvelt fyrir ferðamenn að skila plastflöskum sem bera endurvinnslugjald. Einungis er hægt að skila á sérstökum stöðum og þó við sjálf vitum hvar þeir eru, er það ekki eins augljóst fyrir ferðamenn. Hvernig komum við því til skila að hér búum við í hreinu og ómenguðu umhverfi? Við þurfum að vera meðvituð um hvaða skilaboð við erum að senda í allri keðjunni, við getum ekki byrjað á stórum auglýsingaskiltum um hreinleika Íslands og jafnframt hvatt til þess að almennt neysluvatn sé keypt í flöskum. Breytum þessu.

BREYTINGAR Í ÁTT AÐ GRÆNNI FRAMTÍÐ

Allt er breytingum háð og það er okkar að gæta þess að ákvarðanir sem eru teknar leiði af sér grænni framtíð. Umræðan verður sífellt grænni og það sem þótti róttækt fyrir 6 árum þykir það ekki lengur, eins og t.d. að minnka notkun einnota plastumbúða, draga úr matarsóun, krefjast fjölbreyttari samganga, kaupa frekar umhverfsvottað og svo mætti lengi telja.

Áhugaverðar niðurstöður birtast um að lækun sé á árlegri notkun heimila á rafmagni og ástæðan er einföld skipting yfir í orkusparandi perur og sparneytnari heimilistæki.

Við höfum náð árangri síðastliðin ár í átt að grænna samfélagi og grænni ferðamannastöðum. En þetta gerist ekki af sjálfu sér, við þurfum að taka breytingum fagnandi, við þurfum að vera dugleg í að miðla því hvað hver og einn getur lagt af mörku og við skulum öll vera fyrirmyndir. Þannig búum við til grænni framtíð.



STARFSÞRÓUN ER MIKILVÆG

Árlega eru lagðar áherslur til umbóta í mannauðsmálum stofnunarinnar.



Starfsþróun var meginsteifið í mannauðsmálum á árinu. Á haustmánuðum boðuðu yfirmenn til starfsþróunar- og eftirfylgnisamtala. Í samtölunum var hæfnismat framkvæmt í fyrsta skipti. Hæfnismat stofnunarinnar er byggt á hæfnigreiningu starfa, sem var gerð árið áður. Starfsmaður og yfirmaður mátu hæfni starfsmanns sameiginlega m.t.t. þess hvaða hæfni starfsmaður hefur til að bera og hvað megi bæta. Einstaklingsmiðuð starfsþróunaráætlun til tveggja ára var síðan gerð í kjölfarið og þannig hafa markmið verið sett um starfsþróun starfsmanna næstu misseri. Það er von stjórnenda að með þessu móti verði starfsþróun og hvatning til hennar markvissari en áður hefur verið. Að auki var gerð áætlun um fræðslu innan

stofnunarinnar með áherslu á innleiðingu á nýjan hugbúnað. Boðið var upp á námskeið í Outlook 365, GoPro.net og möguleikar í SharePoint kynntir. Að auki var boðið upp á fræðslu í Kanban, álagsstjórnun og líkamsbeitingu við vinnu.

Á árinu tók stofnunin, ásamt 31 ríkisstofnun, þátt í tilraunaverkefni samkvæmt bókun 2 í kjarasamningi BHM en tilgangur verkefnisins er að meta tímabundna þætti huglægt. Fyrsta tilraun verkefnisins tókst nokkuð vel og er stefnt að því að þróa verkefnið áfram þegar meiri reynsla er fengin af því.

Kynjahlutfall er nokkuð jafnt hjá stofnunni á milli ára, 43% karlar og 57% konur. Starfsmanna-velta var þó nokkuð hærri en undanfarin ár og kall-

ar bæði á aðgerðir og eftirfylgni. Starfsfólk var til-
tölulega frískt en skráð veikindi voru um 2,5% eða um 1,7 ársverk. Markmið um 90% hlutfall lokinna starfsmannasamtala fyrir 1. maí náðist ekki en yfirmenn náðu að ljúka 82% samtala að meðaltali fyrir settan viðmiðunartíma. Tvenns konar mælingar á starfsánægju eru framkvæmdar meðal starfsfólks stofnunarinnar. Könnunin Stofnun ársins er framkvæmd einu sinni á ári. Þar hefur Umhverfisstofnun sett sér sem markmið að vera fyrir ofan meðaltal stærri stofnana, sem náðist. Mánaðarlegar árangursmælingar hafa verið framkvæmdar. Niðurstöður þeirra eru hvatning til samræðu og verkfæri stjórnenda til að finna leiðir til úrbóta. Þannig getur stöðugt umbótastarf átt sér stað.





Mánaðarlegar
árangursmælingar
eru hvatning til
samræðu og verkfæri
stjórnenda til að finna
leiðir til úrbóta.





ALLTAF HÆGT AÐ GERA BETUR

Þrátt fyrir að eftirtektarverðum árangri hafi verið náð á síðasta ári sýna tölur að við getum gert betur.

Umhverfisstofnun hefur verið með virkt umhverfisstjórnunarkerfi í sjö ár og leggur stofnunin áherslu á að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Gera mætti ráð fyrir að með virkt umhverfisstjórnunarkerfi til langs tíma væri erfitt að gera betur, sérstaklega þegar haft er í huga að eingöngu er um dæmigerða skrifstofustarfsemi að ræða en ekki framleiðslu sem byggir á nýtingu auðlinda. En tölurnar sýna annað, þar sem eftirtektarverður árangur náðist í úrgangsmálum, pappírnotkun, rafmagnseyðslu og fjölda samgöngusamninga starfsfólks.

Helsti árangur ársins er í úrgangsmálum og pappírnotkun. Í flokknum „óflokkaður úrgangur“ náðist frábær árangur þar sem hann minnkaði um 34% á milli ára. Óflokkaður úrgangur er nú eingöngu 6,35% af heildarmagni úrgangs.

Starfsfólk stóð sig mjög vel á síðasta ári við að draga úr prentun þar sem hún dróst saman um 35,37% á milli ára. Stofnunin náði markmiði sínu þar sem takmarkið var að vera undir miðgildi stofnana á vinn.is. Prentnotkunin var 9,85

kg/stöðugildi, miðgildið var árið 2014 12.94 kg/stöðugildi.

Mest kom þó á óvart glæsilegur árangur í minni rafmagnsnotkun en notkun rafmagns dróst saman um rétt rúm 7,67% á milli ára, en á árinu voru settar upp rafmagnspurrkur á öll salerni.



Rekja má þennan árangur til þeirra fjölmörgu aðgerða sem miða að því að draga úr rafmagnsnotkun; starfsfólk slekkur nú ljós á salernum eftir notkun, slekkur á tölvum í lok dags og á ljósum og skjávörpum í fundarherbergjum.



Mikil aukning var á fjölda samgöngusamninga en þeir voru 50 talsins árið 2015.

Ástæðu aukningar má líklega rekja til þeirrar nýbreytni að nú getur starfsfólk gert sumarsamninga, sem sýnir að þó starfsfólk sé ekki tilbúið að ganga/hjóla til vinnu á veturna þá getur það vel hugsað sér það yfir sumarmánuðina. Þetta er mjög góður árangur sem mikilvægt er að viðhalda. Að lokum er vert að nefna að stofnunin er orðin nær plastpokalaus og er ekkert sem bendir til annars en hún geti alfarið verið án þeirra árið 2016.



**Fjöldi
samgöngusamninga
við starfsfólk
stofnunarinnar var
50 árið 2015.**







STÓRAUKIN UPPBYGGING FYRIR FERÐAMENN

Framkvæmdir við innviði í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og á friðlýstum svæðum jukust úr 88,5 m.kr. árið 2013 í 254,7 m.kr. árið 2015

Árið 2015 námu heildargjöld Umhverfisstofnunar 1.391,9 m.kr. og heildartekjur 544,6 m.kr. Framlag ríkissjóðs nam 869,2 og því varð 21,9 m.kr. afgangur frá rekstri það ár. Fjárveitingar Umhverfisstofnunar skiptast í þrjá hluta, þ.e. almennan rekstur, endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink og framkvæmdir í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og á friðlýstum svæðum víðs vegar um landið. Gerð er nánari grein fyrir hverjum og einum þessara hluta hér að neðan.

ALMENNUR REKSTUR

Framlag ríkisins til almenns rekstrar Umhverfisstofnunar árið 2015 nam 761,4 m.kr. en það var 746,6 m.kr. árið 2014 og 769,1 m.kr. árið 2013.

Gjöld vegna almenns rekstrar Umhverfisstofnunar námu 1.079 m.kr. árið 2015. Til samanturðar má geta þess að þau námu 1.031 m.kr. árið 2014 og 1.093 m.kr. árið 2013. Mynd 1 sýnir hvernig gjöld vegna almenns rekstrar skiptust milli fagteyma stofnunarinnar árið 2015.

Undir miðlægum rekstur fellur ýmis innri starfsemi, s.s. rekstrarteymi sem annast m.a. bókhald, síma- og vörslu og innkaup. Þar undir fellur einnig húsnæði í Reykjavík og á Akureyri, bifreiðar, mótuneyti og yfirstjórn. Gagnateymi veitir þjónustu vegna upplýsingatækni og aðstoðar við að innleiða nýja tækni innan stofnunarinnar. Upplýsingateymi annast heimasíðu og samfélagsmiðla stofnunarinnar, auk kynningar- og útgáfumála. Þessi starfsemi tilheyrir öll sviði þjónustu.

Neytendateymi, efnateymi og veiði- og verndarteymi tilheyra sviði sjálfbærni. Neytendateymi vinnur að verkefnum sem stuðla að grænna samfélagi og aukinni vitund almennings um

umhverfismál. Efnateymi vinnur að því að skapa heilnæmt umhverfi fyrir alla og lágmarka áhrif skaðlegra efna á lífríki og heilsu manna. Veiði- og verndarteymi vinnur að því að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna með stýringu á veiðum og nýtingu, auk þess að standa fyrir skotvopna- og veiðikortanámskeiðum um allt land.

Loftmengunarteymi, haf- og vatnsteymi og náttúrusvæðateymi tilheyra sviði náttúru. Loftmengunarteymi stuðlar að því að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda og að almenningur og stjórnvöld séu upplýst um stöðu og horfur í loftslags- og loftgæðamálum, auk þess að fylgjast með losun loftmengunarefna. Haf- og vatnsteymi vinnur að því að dregið sé úr mengun hafs og stranda frá starfsemi á sjó og að brugðist sé rétt við bráðamengun, auk þess að viðhalda og bæta vatnsgæði, m.a. með bættri fráveitu. Náttúrusvæðateymi vinnur að því að tryggja verndargildi friðlýstra svæða til framtíðar, t.d. með landvörslu, fræðslu og bættum innviðum.


Umsagna- og leyfisteymi, friðlýsingateymi og eftirlitsteymi tilheyra sviði samþættingar. Umsagna- og leyfisteymi vinnur leyfi fyrir mengandi starfsemi og leyfi á friðlýstum svæðum, ásamt samþættingu umhverfissjónarmiða við áætlanir stjórnvalda og álitsgjöf um mat á

umhverfisáhrifum. Friðlýsingateymi annast undirbúning friðlýsinga og vinnur verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir friðlýst svæði. Eftirlitsteymi annast eftirlit með mengandi starfsemi og samræmingu verkefna sem tengjast samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Tekjur af almennum rekstri Umhverfisstofnunar námu 391,8 m.kr. árið 2015. Mynd 2 sýnir skiptingu helstu tekjuliða.

Stærstu tekjustofnarnir eru vegna hreindýraveiðileyfa og veiðikorta en þeir falla báðir undir veiði- og verndarteymi (sjá mynd 1). Þetta eru að

Skipting gjalda vegna almenns rekstrar í m.kr (Mynd 1)



stærstum hluta svokallaðar gegnumstreymistekjur sem renna í sjóði í umsýslu stofnunarinnar og er síðan útteilt þaðan til þriðja aðila.


Umhverfis- og auðlindaráðuneyti auglýsir árlega veiðikvóta fyrir hreindýr samkvæmt tillögu Umhverfisstofnunar sem sér um sölu veiðileyfa gegn gjaldi sem ráðherra umhverfis- og auðlinda ákveður. Tekjurnar renna í hreindýrasjóð sem er í umsýslu Umhverfisstofnunar. Árið 2015 námu tekjur vegna leyfa til að veiða hreindýr 143,4 m.kr. Þar af voru 108 m.kr. greiddar í arð til landeigenda og 13,6 m.kr. til Náttúrustofu Austurlands sem vaktar hreindýraveiðar. Sjóðurinn stendur einnig undir kostnaði Umhverfisstofnunar og hreindýráðs við eftirlit og stjórn hreindýraveiða.

Samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum verða allir sem stunda veiðar á þeim að hafa veiðikort. Umhverfisstofnun annast útgáfu veiðikorta gegn gjaldi. Gjaldið rennur í veiðikortasjóð sem er í umsýslu Umhverfisstofnunar. Ráðherra umhverfis- og auðlinda úthlutar úr sjóðnum til rannsókna, vöktunar og stýringar á villtum dýrastofnum, auk þess sem hann stendur undir kostnaði Umhverfisstofnunar við útgáfu kortanna. Tekjur af veiðikortum árið 2015 námu 43,6 m.kr., þar af er áætlað að framangreindir styrkir umhverfis- og auðlindaráðherra nemi 26,3 m.kr. en úthlutun þeirra hefur ekki enn farið fram í byrjun apríl 2016.


Mynd 3 sýnir þróun tekna til almenns rekstrar árin 2013 til 2015, skipt í sértekjur, markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur.

Flestir tekjustofnar Umhverfisstofnunar flokkast til sértekna. Undir markaðar tekjur falla gjöld vegna starfsleyfa, gjald af veiðikorti og veiðileyfi hreindýráðs og undir aðrar rekstrartekjur falla mengunareftirlitsgjald og gjöld fyrir eftirlit með losun gróðurhúsalofttegunda.

Skipting helstu tekjuliða í m.kr. (Mynd 2)




Þróun tekna til almenns rekstrar í m.kr.



Mynd 3



Fjárveitingar Umhverfisstofnunar skiptast í þrjá hluta, þ.e. almennan rekstur, endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink og framkvæmdir í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og á friðlýstum svæðum víðs vegar um landið.




ENDURGREIÐSLUR TIL SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðherra ákveður árlega taxta fyrir laun minkaveiðimanna en sveitarfélög greiða þeim fyrir veiðarnar. Sveitarfélögin senda Umhverfisstofnun skýrslu um veiðarnar, ásamt reikningum sem stofnunin endurgreiðir þeim í samræmi við taxta ráðherra. Úthlutun til sveitarfélaga vegna refaveiða er í samræmi við þriggja ára áætlun sem lýkur árið 2016. Árið 2015 námu endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refaveiða 25,8 m.kr. og vegna minkaveiða 12,7 m.kr.

Mynd 4 sýnir endurgreiðslur til sveitarfélaga fyrir ref og mink árin 2013 til 2015 í m.kr.

Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna minka- og refaveiða í m.kr. (mynd 4)



FRAMKVÆMDIR Í ÞJÓÐGARÐINUM SNÆFELLSJÖKLI OG Á FRIÐLÝSTUM SVÆÐUM


Umhverfisstofnun annast framkvæmdir í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og á friðlýstum svæðum víðs vegar um landið. Markmiðið með þeim er að bæta innviði fyrir ferðamenn og verja náttúru landsins gegn ágangi. Mynd 5 sýnir hvernig fjármagn til framkvæmda skiptist milli landshluta árin 2013 til 2015. Árið 2015 voru mestu framkvæmdirnar við Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, Mývatn, Dyrhólaey, Gullfoss og Geysi og Friðland að Fjallabaki.

Mynd 6 sýnir þróun í framkvæmdum Umhverfisstofnunar í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og á friðlýstum svæðum árin 2013 til 2015 og hversu stór hluti þeirra er fjármagnaður af fjárveitingum til Umhverfisstofnunar í fjárlögum. Fjárhæðir eru í m.kr. Mismunur á heildarframkvæmdum hvers árs og fjárveitingu til Umhverfisstofnunar í fjárlögum er fjármagnaður með styrkjum, einkum frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Eins og myndin sýnir hafa umsvif stofnunarinnar við uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn stórukist síðustu ár. Verkin eru að langmestu leyti unnin af verkötum og Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með þeim stærstu. Stærri verk eru boðin út og tilboða leitað í smærri verk í samræmi við lög um opinber innkaup.

Framkvæmdir í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og á friðlýstum svæðum í m.kr. (mynd 5)


	2013	2014	2015
Norðurland eystra	6,4	23,6	54
Vestfirðir - norður og Norðurland vestra	2,6	2,9	0,8
Vestfirðir - suður	5,5	5,2	14,2
Vesturland	22,8	69,4	79,2
Höfuðborgarsvæðið	1,9	10,3	7,5
Suðurland og miðhálandið	41,7	27,8	73,9
Austurland	0,2	4,9	20,6
Verkefni sem nýtast landinu öllu	7,4	5,3	4,5
Samtals	88,5	149,4	254,7

Þróun í framkvæmdum Umhverfisstofnunar í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og á friðlýstum svæðum í m.kr. (mynd 6)



Endurgreiðslur vegna refaveiða voru 25,8 m.kr. og vegna minkaveiða 12,7 m.kr. árið 2015

Leiðandi stofnun



Fagmennska

Við öflum bestu þekkingar og gagna og tökum ákvarðanir byggðar á þeim. Við leggjum áherslu á gegnsæi og rétt almenning til upplýsinga um öll okkar störf.

Samvinna


Við nýtum styrkleika hvers annars og vinnum saman að úrlausn ólíkra verkefna. Við leitum samstarfs við almenning og hagsmunaaðila.

Framsýni

Við horfum til framtíðar og fylgjumst grannt með þróun umhverfismála. Við erum leiðandi afl í samfélaginu með sjálfbæra þróun að markmiði í öllu okkar starfi.

Virðing

Við berum umhyggju fyrir umhverfinu, erum stolt af þeirri ábyrgð sem samfélagið felur okkur og komum fram af heiðarleika og sanngirni.



HREINT LOFT OG TAKMÖRKUN GRÓÐURHÚSAÁHRIFA

*Við viljum hreint loft
hvar sem er á landinu.*

*Loftgæði verða að standast
kröfur á landsvísu og
alþjóðamælikvarða.*

*Íslendingar eiga að
uppfylla alþjóðlegar skyldur
sínar í loftslagsmálum.*

*Upplýsingar um loftgæði
og loftslagsmál verða
aðgengilegar öllum.*

1.774.504 losunarheimildum úthlutað á árinu

Gosið í Holuhrauni og þau loftmengunarverkefni sem tengdust því voru í forgangi hjá Umhverfisstofnun 2015. Þegar gosinu lauk í lok febrúar höfðu því allnokkur verkefni safnast upp og biðu úrlausnar.

Í febrúar úthlutaði Umhverfisstofnun endurgjaldslausum losunarheimildum til tveggja flugrekenda og fimm rekstraraðila en ein losunarheimild jafngildi heimild til losunar á einu tonni af koldíoxíðsigildi á tilteknu tímabili. Alls var úthlutað 1.774.504 losunarheimildum, í iðnaði var 1.385.754 losunarheimildum úthlutað og 388.750 losunarheimildum í flugi. Úthlutunin í fluginu var tvöföld þar sem skýrsluskilum fyrir árið 2013 var frestað um eitt ár. Með tilkomu reglugerðar nr. 540/2014 var gildissviði er varðar flughluta viðskiptakerfisins breytt og losunarmörkin hækkuð. Þar af leiðandi skiluðu færri flugrekendur inn losunarskýrslu og gerðu upp heimildir heldur en áður, en þar sem skýrsluskilum fyrir árið 2013 var frestað um ár voru tvöföld skil árið 2015. Heildarlosun þeirra flugrekenda sem burfa að gera upp losun var 364.174 tonn af CO₂ fyrir árið 2013 og 492.560 tonn af CO₂ fyrir árið 2014.

Í nóvember 2015 gerði Umhverfisstofnun upp fyrsta viðskiptatímabil Kyoto-bókunarinnar fyrir hönd Íslands. Losun Íslands á tímabilinu 2008-2012 var alls 23.356.071 tonn af CO₂. Ísland gerði upp 20.098.931 tonn CO₂ en 3.257.140 tonn CO₂ voru gerð upp sérstaklega undir íslenska ákvæðinu, þ.e. ákvörðun 14.CP.7. Ísland stóð því við skuldbindingar sínar á fyrra tímabili Kyoto-bókunarinnar. Stefnt er að því að uppgjörsferlinu ljúki í byrjun maí 2016 þegar starfsmenn Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) hafa farið yfir uppgjörskýrslur allra ríkja sem skrifuðu undir Kyoto-bókunina.

Áhersluverkefnum ársins 2015 var að mestu lokið. Unnr voru verkferlar vegna viðskiptakerfis með losunarheimildir. Samið var við sérhæft erlent fyrirtæki um bætt gagnakerfi fyrir losunarbókhalda og sett var upp sjónræn tímalína fyrir gagna- og skýrsluskil loftmengunarteymis sem var gríðarlega umfangsmikil vinna. Auk þess var upplýsingaefni um loftmengun og loftslagsmál á heimasíðu uppfært.



**Ísland stóð við skuldbindingar sínar á
fyrra tímabili Kyoto-bókunarinnar.**

Afgreiðsluverkefni


	ÁETLUN 2013	RAUN 2013	ÁETLUN 2014	RAUN 2014	ÁETLUN 2015	RAUN 2015	ÁETLUN 2016	TEYMI	MÁLS- HRADI
Yfirferð skýrslna vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá staðbundnum starfsstöðvum í iðnaði	5	0	9	9	9	9	10	Loft	60
Afgreiðsla umsókna um losunarleyfi vegna staðbundinna starfsstöðva í iðnaði	3	0	5	5	2	1	2	Loft	-
Yfirferð vöktunaráætlanna vegna staðbundinna starfsstöðva í iðnaði		4	5	4	4	4	3	Loft	
Afgreiðsla umsókna um losunarheimildir vegna flugs	0	0	0	0	2	2	0	Loft	-
Yfirferð vöktunaráætlanna vegna flugs	30	41	1	2	0	0	0	Loft	-
Yfirferð losunarskýrslna vegna flugs	30	31	0	0	8	6	4	Loft	-
Útreikningur og/eða úhlutun losunarheimilda	7	0	5	10	13	11	10	Loft	-
Stofnun reikninga í skráningarkerfi	20	27	5	4	2	2	1	Loft	-





Ein losunarheimild jafngildir heimild til losunar á einu tonni af koldíoxíðsígildi á tilteknu tímabili.



Losun Íslands eftir



Losun frá iðnaði og efnaferlum eykst mikið á árunum 2006-2008 sem má rekja bæði til Alcoa-Fjarðaráls, gangsett 2007, og framleiðsluaukningar hjá Norðuráli 2006 og 2007.



ÞRÓUN

Umhverfisstofnun fylgist með losun mengandi efna út í andrúmsloftið, m.a. frá iðnaði, samgöngum, landbúnaði og úrgangsvinnslu, en aukin losun mengandi efna hefur áhrif á umhverfi okkar og heilsu. Til að fylgjast með þessari þróun hefur Umhverfisstofnun valið nokkra umhverfis- og árangursvísa sem gefa til kyhvert stefnir.

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda (án landnotkunar, breyttar landnotkunar og skógræktar) frá 1990-2014 hefur aukist með tímanum. Losunin árið 1990 var 3.633 þús. tonn CO₂ ígilda en var komin upp í 4.597 tonn árið 2014 sem samsvorar rúmlega 26% hækkun.

Eins og sést á mynd „Losun GHG eftir flokkum“ þá eykst losun frá iðnaði og efnaferlum mikið á árunum 2006-2008 sem má rekja bæði til Alcoa-Fjarðarás, gangsett 2007, og framleiðsluaukningar hjá Norðuráli 2006 og 2007. Heildarlosun frá álverum er mestmegnis vegna CO₂ losunar en PFC leikur einnig stórt hlutverk. PFC, eða flúorkolefni, er sterk gróðurhúsalofttegund og vegur því þungt sem CO₂ ígildi. Mikil losun PFC er í uppkeyrslufasa nýs álvers sem jafnast oft 2-3 árum seinna, en losunin náði einmitt jafnvægi í kringum 2011. Losun frá iðnaði og efnaferlum dregst því ekki saman árið

2009 vegna efnahagshrunsins heldur vegna þess að uppkeyrslutímabil nýrra kerskála er að baki.

Urðun á sorpi hefur dregist mikið saman frá 1990 en á móti hefur endurvinnsla aukist. Þetta er í samræmi við þau markmið sem sett voru fram í landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Þessi samdráttur í urðun hefur skilað sér í minni losun gróðurhúsalofttegunda frá urðunarstöðum. Samdráttur í losun frá urðunarstöðun er hins vegar mun lengur að koma fram heldur en minnkun á magni úrgangs sem er urðaður segir til um. Það skýrist af því að hver eining af sorpi sem er urðuð gefur frá sér metan í mörg ár eftir urðun. Hluti af samdrætti í losun skýrist einnig af því að á stærsta urðunarstaðnum, sem er í Álfnesi, er reynt að safna sem mestu af því metani sem myndast og það er annað hvort selt sem eldsneyti á ökutæki eða brennt á staðnum til að breyta því í CO₂. Ástæða þess, að svo mikil áhersla er lögð á að safna metani og nýta það eða brenna, er að metan er öflug gróðurhúsalofttegund sem talin er hafa 25 sinnum meiri gróðurhúsaáhrif heldur en CO₂.


Aukinn styrkur CO₂ í andrúmslofti og áhrif þess á veðurfar er meginefni í allri umræðu og stefnumörkun í umhverfismálum í heiminum nú á dögum. Styrkur CO₂ í andrúmslofti er mældur

víða um heim. Lengsta mæliserían er frá Mauna Loa á Hawaii en þar hófust mælingar árið 1958. Árið 1992 hófust mælingar á styrk CO₂ á Stórhöfða í Vestmannaeyjum og eru þær unnar í samvinnu við NOAA, sem er Haf- og veðurfræðistofnun Bandaríkjanna, og Veðurstofu Íslands. Á báðum þessum stöðum hefur styrkur CO₂ vaxið jafnt og þétt, þó með greinilegri árstíðsveiflu. Árið 2013 komst það í heimsfréttir að styrkur CO₂ hefði í fyrsta skipti í sögunni farið yfir 400 ppm markið á Hawaii. Sá vafasami áfangi náðist þó tveimur árum fyrr á Stórhöfða en styrkur CO₂ fór í fyrsta skipti yfir 400 ppm þar vorið 2011 eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti. Bein afleiðing af auknum styrk CO₂ í andrúmslofti er hækkandi hiti. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun hitastigs á jörðinni miðað við meðalhita árunum 1951-1980 en það er sú viðmiðun sem bandaríska geimferðastofnunin NASA notar. Sjá má að á viðmiðunartímabilinu hefur meðalhiti hækkað um 0,87°C og árið 2015 er langheitast og að auki var bilið milli árunum 2014 og 2015 óvenju mikið. Einnig má sjá að 10 heitustu árin síðustu 134 ár hafa öll verið eftir 2000.

Þrátt fyrir þessa ískyggilegu þróun í styrk CO₂ og hækkun hitastigs er þó einn ljós punktur og hann er sá að þróun í losun CO₂ frá orkuframleiðslu




Aukinn styrkur CO₂ í andrúmslofti er meginefni í allri umræðu um umhverfismálum í heiminum





Styrkur CO₂ í andrúmslofti er mældur víða um heim. Árið 1992 hófust mælingar á styrk CO₂ á Stórhöfða og eru þær unnar í samvinnu við Haf- og veðurfræðistofnun Bandaríkjanna, og Veðurstofu Íslands.



virðist vera komin á nánast flata kúrfu. Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðlegu orkustofnuninni (IEA) var árið 2015 þriðja árið í röð þar sem losun frá orkuframleiðslu í heiminum er nánast sú sama eða 32,1 milljarðar tonna. Þessa þróun má m.a. rekja til þess að um 90% af allri nýrri raforkufram-

leiðslu í heiminum það ár var endurnýjanleg, þar af var um helmingur ný vindorkuver. Þau tvö lönd sem hafa losað mest undanfarin ár, Bandaríkin og Kína, minnkuðu bæði losun tengda orkuframleiðslu, í Bandaríkjunum minnkaði losun um 2% en 1,5% í Kína. Þróunin er hröð í Kína en árið 2011

voru 80% allrar raforku þar í landi framleidd með kolum en árið 2015 var það hlutfall komið niður fyrir 70%.



MARKMIÐ 2

Við verndum lífríki og jarðminjar fyrir komandi kynslóðir. Við viljum koma á neti verndarsvæða og vinna að gerð verndaráætlana fyrir friðlýst svæði á landinu. Eftirlit og umsjón með friðlýstum svæðum verður eft. Hefta þarf útbreiðslu framandi ágengra tegunda.

VERNDUN NÁTTÚRU OG LÍFFRÆÐILEGRAR FJÖLBREYTNÍ

Fjölgun ferðamanna felur í sér auknar áskoranir

FJÖLDI FERÐAMANNA

Með mikilli fjölgun ferðamanna aukast áskoranir í verndun náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Sú staðreynd að ferðamenn sækja til Íslands árið um kring hefur í för með sér nýjar áskoranir sem kalla á breyttar áherslur í verndun náttúru landsins. Töluverð uppbygging átti sér stað á innviðum friðlýstra svæða árið 2015. Til að koma í veg fyrir frekari skemmdir af völdum ágangs ferðamanna fengust í maí viðbótarfjármunir til uppbyggingar á friðlýstum svæðum. Um var að ræða 241,9 milljónir króna til 34 framkvæmda á 14 svæðum. Framkvæmt var í Mývatnssveit við Skútustaðagíga, Kálfaströnd og Hverfjall, á Hveravöllum, í Landmannalaugum að Fjallabaki, í Helgustaðanámu, Teigarhorni og Dyrhólaey. Þar að auki stóð stofnunin að fram-

kvæmdum á fjölda annarra friðlýstra svæða, t.a.m. við Blábjörg í Berufirði, á Hveravöllum og í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

VERNDARÁÆTLANIR

Umhverfisstofnun hefur það hlutverk að vinna verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir friðlýst svæði í umsjón stofnunarinnar. Með verndar- og stjórnunaráætlunum er mörkuð stefna um vernd svæða og nauðsynlegar aðgerðir til að viðhalda verndargildi þeirra. Árið 2015 var lokið við gerð sex slíkra áætlana fyrir friðlandið í Flatey á Breiðafirði, Dimmuborgir, Dynjanda og þrjú svæði í Reykjavík, þ.e. Háubakka, Fossvogsbakka og Laugarás. Með gerð verndaráætlana er stigið stórt skref í átt að framtíðarverndun og viðhaldi svæðanna.



Annað árið í röð var unnið að hreinsun á Hornströndum en færri komust að en vildu. Afþakka þurfti þáttöku 60 manns vegna plássleysis.

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2013	RAUN 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Friðlýsingar	5	4	1	3	2	0	4	Friðlýsingar	-
Ársfundur náttúruverndarnefnda	1	1	1	1	1	1	1	Friðlýsingar	-
Skýrsla um friðlýsingar	1	1	1	1	1	1	1	Friðlýsingar	-
Verndar- og stjórnunaráætlanir	0	0	8	5	7	5	10	Friðlýsingar	-
Landvarðanámsskeið (hvert námskeið 110 klst.)	1	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæða	-
Fjöldi sjálfbóðaliðavikna	400	493	400	412	400	406	400	Náttúrusvæða	-
Viðbrögð við brotum vegna aksturs utan vega	20	9	10	27	20		25	Náttúrusvæða	-
Ástandsskýrsla friðlýstra svæða	1	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæða	-
Fræðslu- og upplýsingaskilti á friðlýstum svæðum	20	8	12	9	11	10	9	Náttúrusvæða	-
Útgefnir bæklingar	4	0	0	1	1	1	1	Náttúrusvæða	-
Fjöldi landvörsluvikna	163	220	139	203	149	228	206	Náttúrusvæða	-
Ástandsskýrsla - rauði listinn	1	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæða	-
Fjöldi eftirlitsferða vegna leyfa á friðlýstum svæðum				26	36	38	45	Náttúrusvæða	-
Fjöldi afgreiðslu leyfisumsókna á friðlýstum svæðum				53	60	61	70	Náttúrusvæða	-
Skráning refa- og minkareikninga frá sveitarfélögum (fjöldi hreppa)	72	68	70	48	60	51	60	Veði- og verndar	60

ÖRYGGI FERÐAMANNA

Náttúra Íslands er síbreytileg og tekur á sig nýjar myndir eins og Íslendingar þekkja. Í byrjun nóvember féll mikið bjarg ofan Kirkjufjöru í Dyrhólaey. Var þetta í þriðja skipti á fjórum árum sem stór björg hafa hrunið í Dyrhólaey. Umhverfisstofnun brást við með því að loka aðgengi að fjörunni til að tryggja öryggi ferðamanna. Fóru vísindamenn á vegum Veðurstofunnar til að kanna umfang hrunsins og meta hættu á frekara hruni. Verður Kirkjufjara lokað þangað til vísindamenn telja tryggt að bjargið sé stöðugt.

Mikið hefur verið rætt um ferðamenn og umferðarmerkingar og hefur göngustígur á Gullfossi sem liggur að fossbrúninni verið töluvert til umræðu. Umhverfisstofnun lokar umræddum göngustíg á haustin þegar fer að frysta og opnar hann aftur þegar stígurinn er orðinn fær. Því miður er algengt að fólk hætti sér niður stíginn þrátt fyrir aðvaranir og lokanir. Umhverfisstofnun hefur af því miklar áhyggjur að ferðamenn hundsí lokanir og hætti sér út á svæði sem hefur verið lokað eru til að tryggja öryggi þeirra. Umhverfisstofnun vinnur nú að nýjum leiðum til að loka umræddum göngustíg og tryggja skýrari leiðbeiningar til ferðamanna um lokanir þegar öryggi þeirra er í húfi.


FJÖRUHREINSUN Á HORNSTRÖNDUM OG RAUÐASANDI



Í júlímánuði stóðu Umhverfisstofnun, Vesturbýggð, Náttúrustofa Vestfjarða og landeigendur á Rauðasandi að fjöruhreinsun á Rauðasandi í Vesturbýggð. Um er að ræða fyrsta áfanga hreinsunar strandlengjunnar sem verður framhaldið á árinu 2016.

Annað árið í röð var unnið að hreinsun á Hornströndum en færri komust að en vildu. Afbakka þurfti boð um 60 manna um þátttöku sökum þess að ekki var pláss í bát sem ferjaði hreinsunarhópin á svæðið. Hreinsunin tókst vel og það var mál manna að endurtaka þyrfti leikinn að ári.

AFMÆLI HORNSTRANDAFRIÐLANDS

Árið 2015 átti friðlandið Hornstrandir 40 ára afmæli og var haldið upp á daginn með málþingi í sal Edinborgarhússins á Ísafirði. Flutt voru mörg áhugaverð erindi þar sem m.a. var stiklað á stóru um menningu, náttúru og sögu svæðisins en einnig sagt frá væntingum heimamanna og ferðamanna og aðkomu landeigenda.





FJÖLDI OG FLATARMÁL FRIÐLÝSTRA SVÆÐA OG FJÖLDI OG GERÐ VERNDAR- OG STJÓRNUNARÁÆTLANA

Friðlýst svæði á Íslandi voru 114 í árslok 2015 og var heildarflatarmál þeirra ríflega 2 milljónir hektara. Þar af eru 37 svæði sem eru að hluta eða öllu leyti í sjó, en sífellt aukin áhersla er lögð á verndun lífríkis og líffræðilegrar fjölbreytni í hafi á alþjóðavísu.

Engin ný svæði voru friðlýst árið 2015, enda var vinna við friðlýsingarverkefni að mestu sett í bið vegna niðurskurðar í fjárframlögum til málaflöksins. Aukin áhersla var lögð á vinnu við stjórnunar- og verndaráætlanir, en lokið var við 5 slíkar áætlanir á árinu. Þar með liggja fyrir stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir 11 af þeim 114 svæðum sem friðlýst eru en samkvæmt náttúruverndarlögum skal gera slíkar áætlanir fyrir öll friðlýst svæði. Umhverfisstofnun hefur á þessu ári stóraukið áherslu á gerð stjórnunar- og verndaráætlana og stigið fyrsta skrefið í þeirri vegferð að ljúka gerð þeirra fyrir öll svæðin. Þessi áhersla er mikilvæg til að hægt sé að setja skýra stefnu og markmið fyrir þau svæði sem friðlýst eru. Með áætlunum er aðgerðum forgangsraðað vandlega þar sem fjármagn til framkvæmda og uppbyggingar á friðlýstum svæðum er af skornum skammti og álag á svæðin sífellt að aukast. Áætlað er að ljúka við gerð 10 stjórnunar- og verndaráætlana árið 2016.



Friðlýst svæði á Íslandi voru 114 í árslok 2015 og var heildarflatarmál þeirra ríflega 2 milljónir hektara.


LANDVARÐAVIKUR OG FERÐAMENN

Á hverju ári kemur fjöldi landvarða sem starfar á friðlýstum svæðum í umsjón Umhverfisstofnunar. Helstu verkefni landvarða eru að gæta þess að gestir fylgi ákvæðum laga um náttúruvernd og að skilmálar friðlýsinga séu ekki brotnir. Árið 2015 var fjöldi landvarðavikna samtals 371, bæði hjá þeim starfsmönnum sem ráðnir eru tímabundið og fastráðnum starfsmönnum. Þegar teknar eru saman tölur um landvörslu frá 2011 og þær bornar saman við fjölgun ferðamanna, má sjá að fjöldi landvarðavikna helst ekki í hendur við fjölgunina (sjá línurit). Að mati Umhverfisstofnunar er þetta óheillavæn þróun þar sem landverðir þurfa að ná til sem flestra með leiðbeiningar um ástand og hættur, sem og að upplýsa um reglur svæðanna og fylgjast með ólöglegum akstri utan vega.

Umhverfisstofnun hefur nú í 37 ár fengið til liðs við stofnunina erlenda sjálfbóðaliða í náttúruvernd sem unnið hafa hörðum höndum við ýmis náttúruverndarverkefni á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum. Flest verkefni snúa að viðhaldi göngustíga en einnig hefur endurheimtarverkefnum farið fjölgandi þar sem sjálfbóðaliðar vinna við endurheimt gróðurs á svæðum þar sem er mikill átroðningur. Árið 2015 voru sjálfbóðaliðavikur 406 og er það svipaður fjöldi og árið 2014. Sjálfbóðaliðavikur hefur farið fækkandi hjá Umhverfisstofnun en þær voru flestar árið 2011, samtals 640. Ástæðuna má rekja til þess að þörfin fyrir sjálfbóðaliðastörf hefur að einhverju leyti minnkað og framkvæmdir á friðlýstum svæðum eru orðnar tæknilegra flóknari og stórtækari. Því hafa sjálfbóðaliðar vikið fyrir verktökum að hluta. Þó er áfram þörf fyrir sjálfbóðaliða í verkefni sem erfitt er að vinna með vélum, t.d. endurheimt mosagróðurs og stígagerð á viðkvæmum náttúruverndarsvæðum. Gera má ráð fyrir því að hlutur sjálfbóðaliða fari ekki vaxandi enda er brýn þörf á umfangsmeiri aðgerðum á verndarsvæðum til að bregðast við auknum fjölda ferðamanna.

ENDURHEIMT VOTLENDIS

Haldið hefur verið utan um gögn um endurheimt votlendis síðan árið 1993. Á þeim tíma hafa 658 hektarar lands verið endurheimtir. Árið 1996 var sett á laggjarnar nefnd um endurheimt votlendis. Á starfstíma nefndarinnar (1996-2006) átti sér stað þó nokkur endurheimt og var flatarmál endurheimtra votlendissvæða í lok árs 2005 samtals 449 hektarar. Á árunum eftir 2006 voru ekki skráð nein endurheimt votlendissvæði en síðan árið 2009 hafa þau verið skráð nánast árlega. Þess ber þó að geta að þeim gögnum sem árangursvísirinn byggir á hefur ekki verið safnað með reglubundnum hætti á landsvísu og mögulegt er að flatarmál einhverra endurheimtra votlendissvæða vanti í gögnin. Þá má einnig geta þess að flatarmál endurheimts votlendis er alla jafna reiknað út frá lengd skurða sem mokað er ofan í til að endurheimta votlendi. Æskilegt væri að árangur endurheimtra votlendissvæða væri vaktaður. Sú aðgerð að fylla ofan í skurði er fyrsta skrefið í langri vegferð, en langan tíma getur tekið að ná fram þeim gæðum sem þar voru áður en landið var ræst fram.




Árið 2015 var lokið við gerð sex verndaráætla.

UPPRÆTING LÚPÍNU Á FRÍDLÝSTUM SVÆÐUM

Umhverfisstofnun hefur markvisst unnið að eyðingu lúpínu á friðlýstum svæðum undanfarin ár og er markmiðið að fjölga svæðum um tvö á ári. Sveitarfélög hafa einnig unnið að kortlagningu og útrýmingu innan sinna marka, þ.m.t. á friðlýstum svæðum.

Alaska-lúpína (*Lupinus nootkatensis*) er upprunnin í Norður-Ameríku og var flutt til landsins sem garðplanta og til landgræðslu. Útbreiðsla hennar hefur aukist mikið, bæði náttúrulega og vegna sán-ingar, einkum eftir 1990. Viða á landinu hefur hún breiðst inn á hálf- eða vel gróið land og orðið þar ríkjandi. Ástæðan er m.a. sá eiginleiki plöntunnar að geta dafnað í rýrum jarðvegi sökum samlífs við rótarbakteríur (rhizobium) sem binda köfnunarefni (N) úr andrúmslofti en vöntun þess í jarðvegi er vaxtarhamlandi fyrir plöntur. Aukning lúpínu getur því breytt efnasamsetningu jarðvegs, vaxtarskilyrðum og tegundasamsetningu svæðanna. Afleiðingar yfirtöku lúpínu eru alvarlegar því upprunalegur íslenskur gróður á svæðunum hörfar, þekja hans minnkar til muna og hverfur jafnvel á stórum svæðum.

Markmið náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, s.s. líffræðilegan fjölbreytileika og náttúruleg búsvæði tegunda. Í lögum segir að óheimilt sé að flytja inn framandi og lifandi lífverur og dreifa þeim nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Einnig er í gildi reglugerð nr. 583/2000 um inn-



Umhverfisstofnun hefur markvisst unnið að eyðingu lúpínu á friðlýstum svæðum undanfarin ár

flutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir að útlendar plöntutegundir valdi óæskilegum breytingum á líffræðilegri fjölbreytni í íslenskum vistkerfum.

Á Suðurlandi er lúpína þekkt á fimm friðlýstum svæðum af 16 sem eru í umsjón Umhverfisstofnunar. Á Suðvesturlandi er hana að finna á 10 svæðum af 32. Á Vesturlandi er hún á þremur svæðum af 19, þ.m.t. í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Á Vestfirðum er lúpína þekkt á einu

friðlýstu svæði af sex, þ.e. á Hornströndum. Á Norðausturlandi er hún á fjórum svæðum af 13. Á Norðvesturlandi finnst lúpína á einu svæði af 6 og af 15 friðlýstum svæðum á Austurlandi finnst lúpína á sex svæðum.

Uppræting lúpínu af svæðum þar sem plantan er rótróin getur tekið áratugi. Starfsmenn Umhverfisstofnunar hafa helst reytt plöntur eða slegið þær með orfi. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir dreifingu plöntunnar og viðhalda þannig upphaflegum vistkerfum svæðanna.

HREINT HAF OG VATN

MARKMIÐ 3

Við viljum að allt vatn á Íslandi uppfylli gæðamarkmið um hreinleika og lífvænleika. Hafið umhverfis landið þarf að vera hreint. Þá viljum við að Ísland sé leiðandi á alþjóðavísu í vörnum gegn mengun sjávar enda virðir mengun ekki landamæri.

MENGUN VIRÐIR ENGIN LANDAMÆRI. ÍSLAND Á MIKILLA HAGSMUNA AÐ GÆTA GAGNVART MENGUNARSLYSUM Á SJÓ.

MENGUN HAFSINS

Töluverð umræða skapaðist um málefni hafsins árið 2015, það er umræða sem haldið hefur áfram og er hvergi nærri hætt. Uppsöfnun plastagna í hafi og sú staðreynd að eitrefni, sem fyrirfinnst í plastinu eða sitja utan á því, eiga greiða leið inn í vistkerfið og þar með í fæðukeðjuna. Plast sem endar í hafinu brotnar niður í litlar agnir, svokallað örplast, sem endar í sjávaralífverum. Að lokum mun maðurinn neyta þessara eitrefna sem borist hafa í lífverur fyrir tilstuðlan hans sjálfs. Umhverfisstofnun vakti athygli á þessari vá á Hátíð hafsins árið 2015 en hún er haldin árlega í tengslum við sjómanna daginn. Þar var stofnunin með sýningu og gestum gafst kostur á að fræðast um málið og þiggja að gjöf margnota burðarpoka sem stofnunin lét prenta í samstarfi við SFS og Hafrannsóknastofnun.

SAMSTARFIÐ TRYGGT

Eitt af mikilvægari verkefnum stofnunarinnar er að bregðast við bráðamengun í hafi og við strendur ef mengunaróhöpp verða. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á viðbrögðum vegna mengunar hafs og stranda utan hafnarsvæða og í hafi. Til að samþætta aðgerðir og skýra betur ábyrgð og hlutverk var unnin aðgerðaáætlun á árunum 2006-2008. Nokkuð hefur breyst frá því að upphafleg aðgerðaáætlun var samin og miðað við reynslu af samstarfi aðila og viðbrögðum vegna strandskipanna Akrafells og Green Freezer árið 2014, var ákveðið að endurskoða aðgerðaáætlunina. Það fór svo að á árlegum samráðsfundi í september 2015 leit endurskoðuð aðgerðaáætlun dagsins ljós og er hún aðgengileg á vef stofnunarinnar.






Umhverfisstofnun ber ábyrgð á viðbrögðum vegna mengunar hafs og stranda utan hafnarsvæða og í hafi.



Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2013	RAUN 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	TEYMI	MÁLS- HRADI
Leyfi fyrir varpi í hafið	2	12	3	8	5	14	8	Haf og vatn	30
Samþykki fyrir lagningu sæstrengja	1	0	0	1	0	1	1	Haf og vatn	-
Staðfesting á áætlunum hafna um móttöku úrgangs	15	17	3	2	10	0	48	Haf og vatn	-
Staðfesting á skilgreiningum sveitarstjórna á viðtaka vegna fráveitna	2	0	1		1	1	1	Haf og vatn	-



STYRKUR ÞRÁVIRKRA LÍFRÆNNA EFNA OG ÞUNG MÁLMA Í ÞORSKI Á ÍSLANDSMÍÐUM TIL AÐ META ÁSTAND LÍFRÍKIS HAFSINS

Styrkur þrávirkra, lífrænna efna og þungmálma í þorsklifur eða -holdi eru hluti af umhverfisvísu Umhverfisstofnunar sem ætlað er að segja til um ástand hafsins. Stuðst er við vöktun sem staðið hefur nær óslitið frá 1990 og fer sýnataka fram á Norðvestur- og á Norðausturmiðum. Tilgangurinn er að fylgjast með breytingum á styrk þessara efna í lífríki hafsins óháð uppsprettu, meta hvort þær aðgerðir sem gripið hefur verið til bæði á innlandum sem alþjóðlegum vettvangi hafi skilað árangri og kanna hvort frekari aðgerða sé þörf. Þetta eru ein mikilvægustu og samfelldustu gögn um ástand og þróun mengunarefna á Íslandsmiðum sem til eru.

Þrávirk, hættuleg efni berast út í umhverfið á margvíslegan hátt. Þau skolest t.d. úr jarðvegi og urðunarstöðum víða um heim og berast að lokum til sjávar eða með loftstraumum. Þar geta þau síðan safnast fyrir í lífverum og magnast er ofar dregur í fæðukeðjunni. Lífverum sem eru efst í fæðukeðjunni er því mest hættu búin, þ.a.m. sjófuglum. Með staðfestingu á Stokkhólmsamningnum árið 2002 skuldbatt Ísland sig til að gera ráðstafanir til þess að draga úr eða stöðva losun ýmissa þrávirkra, lífrænna efna.

Hexaklórbensen (HCB) var notað frá því um 1950 sem sveppalyf, m.a. í meðhöndlun útsæðis og sem fúavarnarefni, og myndast einnig sem aukaefni í ýmskonar iðnaðaðarferlum. Notkun þess í okkar heimshluta er nú alveg hætt. HCB geta m.a. valdið ofurnæmi húðar gagnvart sólarljósi, magakrömpum og æxlismyndun í ýmsum líffærum. HCB er skilgreint hérlendis sem hættulegt forgangsefni. Nýlega voru settar umhverfsgæðakröfur fyrir styrk HCB og eru þær sömu og gilda í löndum Evrópusambandsins. Kröfurnar taka þó ekki í gildi fyrr en árið 2027. Fyrir HCB er krafan 10 µg/kg blautvigt. Undanfarnir 10 ár hefur styrkurinn í lífveru þorsks hér við land hinsvegar mælst nálægt 15 µg/kg blautvigt. Styrkurinn virðist þó heldur á niðurlægi svo að vonir standa til að umhverfsgæðakröfur verði uppfylltar áður en þær taka gildi.

Pólíklórbifenýl-sambönd (PCB) er manngerður efnaflokkur sem inniheldur alls 209 þrávirk efni. Þyrjað var að framleiða PCB á fjórða áratug síðustu aldar og var það m.a. notað sem mykingarefni í plasti, málningu, múrsteypu og lími og í spennubreyta, rafþétta, glussaolur og varmaskipta. Framleiðslu efnanna var að mestu hætt í okkar heimshluta á áttunda áratugnum. PCB hafa m.a. neikvæð áhrif á frjósemi og ónæmiskerfi. Á 9. og 10. áratug síðustu aldar var farið í aðgerðir hér á landi til draga úr losun PCB út í umhverfið og var PCB olía m.a. fjarlægð úr rafspennum þar sem til hennar náðist. Uppsprettur PCB hér á landi eru nú taldar óverulegar, þá helst frá sorpbrennslu, hvalverkunarstöðvum og gömlum urðunarstöðum. Styrkur PCB í þorsklifur hér við land hefur minnkað marktækt og er það talin vera vísbending um að langt að komin mengun með loft- og sjávarstraumum sé að minnka og að aðgerðir hér á landi hafi borið árangur. Ekki hafa verið settar umhverfsgæðakröfur fyrir þau PCB efni sem vöktuð eru í þorsklifur. Í samantektarskýrslu OSPAR á ástandi hafsins kemur fram að styrkur PCB í lífríki sé svipaður hér við land og á öðrum sambærilegum hafsvæðum og undir þeim mörkum sem talin eru vera skaðleg lífríki.



Myndskýring: Breytingar á styrk þrávirkra efna og þungmálma í þorskhaldi og þorsklifur yfir tíma. Gröfin sýna meðaltal úr mælingum á þorski veiddum á Norðvesturmiðum og á Norðausturmiðum. Einingin er µg/kg blautvigt.

Þungmálmur eru náttúruleg efni sem koma úr bergi en berast einnig sem mengun út í umhverfið, m.a. frá námum, málmvinnslu, þakjárn, kolaorkuverum, bifreiðum og gömlum urðunarstöðum. Zink og kadmíum losna auk þess út í umhverfið við dekkjaslit, úr vélaolíu, vélafeiti, með málmblöndum, rafhlöðum og úr tilbúnum áburði. Kopar berst út í umhverfið við slit lega, vélarhluta og bremsuþorða og frá kælivökum og vissum fúavarnarefnum. Kvikasilfur getur borist út í umhverfið frá brennslu kola og úrgangs og er m.a. notað í tannfyllingar, rafgeyma og flúrljósaperur og fyrr á tímum var það notað í hitamæla.


Sumir málmur eru nauðsynlegir lífverum, s.s. kopar og zink, en aðrir gegna engu líffræðilegu hlutverki, m.a. kvikasilfur og kadmíum. Þeir geta verið eitruðir lífverum í tiltölulega lágum styrk. Lífríkinu er þó ekki talið stafa hættu af þungmálmum í náttúrulegum styrk. Þungmálmur geta safnast fyrir í lífverum og magnast upp fæðukeðjuna. Dæmi um skaðleg áhrif þungmálma eru röskun kadmíums á ýmsum efnaförum og skaðleg áhrif kvikasilfurs á heilastarfsemi, sérstaklega í fósturum og ungvíði.

Styrkur þungmálma í þorski hér við land sýnir ekki marktæka leitni til lækkunar eða hækkunar og bendir því til náttúrulegs uppruna. Styrkur kadmíums mælist þó hærrí í þorsklifur hér við land en á sambærilegum hafsvæðum, t.d. við Noreg. Engin teljandi manngerð uppsprettu kadmíums er þekkt hér við land og því er efnið talið vera af náttúrulegum toga, hugsanlega tengt staðbundnu rofi nálægt Norður-Atlantshafshryggnum. Í framangreindri skýrslu OSPAR kemur fram að styrkur annarra þungmálma í lífríki hér við land sé lægri eða svipaður og á öðrum sambærilegum hafsvæðum og er ekki talinn vera skaðlegur lífríki.


Kadmíum og kvikasilfur eru skilgreind hérlendis sem hættuleg forgangsefni. Í þorski hefur eingöngu verið skilgreind umhverfsgæðakrafa fyrir kvikasilfur og er hún 20 µg/kg blautvigt. Styrkur kvikasilfurs hefur hinsvegar oftast mælst 20-30 µg/kg í þorskvöðvum. Þar sem ætla má að styrkur kvikasilfurs í þorski endurspegli náttúrulegar aðstæður hér við land er umhverfsgæðakrafa fyrir hafsvæðið við Ísland líklega of ströng.

MEÐHÖNDLUN DÝPKUNAREFNIS OG HEILDARMAGN ÞESS

Umhverfisstofnun veitir leyfi fyrir varpi í hafið. Aðallega er um að ræða dýpkunarefni úr höfnum. Meðhöndlun dýpkunarefnis og heildarmagn þess er vísir sem lýsir ekki beinum árangri á sviði umhverfisverndar eða ástandi umhverfis, heldur veitir upplýsingar um magn dýpkunarefnis sem Umhverfisstofnun hefur veitt leyfi fyrir að varpað verði í hafið. Töluverður breytileiki hefur verið á heildarmagni árlegs dýpkunarefnis. Frá árinu 1984 til og með 2014 var mesta magn dýpkunarefnis árið 1999 eða tæplega 1 milljón m³ sem var ríflega helmingisaukning frá árunum þar á undan. Á árunum eftir 1999 var magnið yfirleitt 600 til ríflega 800 þús. m³ eða fram til 2006. Frá og með 2007 var magn dýpkunarefnis yfirleitt undir 600 þús. m³ að undanskildu árinu 2013. Magn dýpkunarefnis sem sett hefur verið í landfyllingar og varpað í sjó hefur einnig verið mjög breytilegt. Undanfarin ár hefur lítill hluti þess farið í landfyllingar og árið 2014 var dýpkunarefni eingöngu varpað í sjó.



Undanfarin ár hefur lítill hluti þess farið í landfyllingar og árið 2014 var dýpkunarefni eingöngu varpað í sjó.



TÖLFRÆÐI UM FRÁVIK Í EFTIRLITI MEÐ MÓTTÖKUSTÖÐVUM ÚRGANGS Í HÖFNUM

Eftirlit með móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum hófst árið 2015. Farið verður í allar hafnir á fimm ára fresti. Árið 2015 var framkvæmt eftirlit í 18 höfnum þar sem frávik voru samtals 44 í 13 af þeim höfnum sem heimsóttar voru. Ekki er hægt að meta árangur eftirlitsins fyrr en búíð er að fara í allar hafnir að fimm árum liðnum.

Höfnum landsins er skipt niður í þrjá flokka eftir stærð. Hafnir í flokki 1 eru sex talsins og voru frávik samtals fimm, tvær hafnir eru í flokki 2 með 16 frávik og flestar hafnir eru í flokki 3 eða tíu talsins með 23 frávik.





Uppsöfnun plastagna í hafi og sú staðreynd að
eiturfni, sem fyrirfinnast í plastinu eða sitja utan á
því, eiga greiða leið inn í vistkerfið og þar
með í fæðukeðjuna.



MARKMIÐ 4

HEILNÆMT UMhverfi

112 eftirlitsferðir með efnum og efnablöndum á markaði og 894 vörutegundir skoðaðar

Við viljum skapa heilnæmt umhverfi fyrir alla og lágmarka áhrif skaðlegra efna á lífríki og heilsu manna. Tryggja að á markaði séu ekki efni eða vörur sem innihalda skaðleg efni. Við stuðlum að því að framleiðendur séu meðvitáðir um skyldur sínar og almenningur upplýstur um rétt sinn. Við vinnum að bættri hollustuvernd með samræmingu og í samstarfi við heilbrigðisnefndir.

Umhverfisstofnun vill skapa heilnæmt umhverfi fyrir alla og lágmarka áhrif skaðlegra efna á heilsu fólks og umhverfi. Á árinu skilaði starfshópur skýrslu um endurskoðun laga og reglugerða á sviði byggingarmála og hollustuhátta vegna myglusvepps og tjóns af hans völdum. Skýrslunni fylgdi lögfræðileg greinargerð um réttarstöðu þeirra sem verða fyrir tjóni af völdum myglusvepps í húsnæði. Umhverfisstofnun gaf út bækling um raka og myglu sem var fylgt eftir á málþingi um innloft, raka og myglu sem haldið var í nóvember 2015.

Innleidd var ný reglugerð um baðstaði í náttúrunni sem á m.a. að koma í veg fyrir slys og sýkingar, stuðla að öryggi notenda, bættum hollustuháttum og heilnæmi vatns. Í reglugerðinni eru baðstaðir flokkaðir eftir rekstrarformi og aðsókn baðgesta yfir árið og þurfa baðstaðir í 1. og 2. flokki að hafa starfsleyfi. Í reglugerðinni eru sett viðmið fyrir heilnæmi og gæðum baðvatns á baðstöðum í náttúrunni.

Umræða um dekkjakurl og mögulega skaðsemi var mikil á árinu og hefur notkun þess valdið nokkrum áhyggjum en það getur innihaldið ýmis hættuleg efni sem geta losnað út í umhverfið. Í dekkjakurlu geta verið efni við á borð við blý, zink

og kadmíum. Áður fyrr voru notuð þrávirk efni (PAH) við framleiðslu á bíldekkjum sem geta m.a. valdið krabbameini. Umhverfisstofnun hefur átt samskipti við ýmsa aðila sem leggjast gegn notkun á dekkjakurlu og kallað eftir upplýsingum um efnainnihald þess frá innflytjendum.

Lokið hefur verið við gerð hávaðakorta og aðgerðaáætlana fyrir stóra vegi og þéttbýlissvæði á Íslandi. Hávaðakort sýnir niðurstöður hávaðaútreiknings fyrir ákveðin svæði, s.s. vegi. Ábyrgðar aðilar vegna og svæða skulu í kjölfarið leggja fram áætlun um úrbætur m.t.t. hávaðaviðmiða. Í lok ársins var sent bréf til allra aðila sem tengjast hávaðakortlagningu (þ.e. sveitarfélög og stofnanir) um fyrirhugaða endurskoðun á hávaðakortlagningu.

Þúsundir innlendra og erlendra ferðamanna fara um landið ár hvert á húsbílum og með fellihýsi. Árið 2015 ferðuðust 43,1% ferðalanga um landið með tjald, fellihýsi eða á húsbíl skv. upplýsingum Ferðamálastofu. Með slíkum ferðamáta eiga ferðalangar kost á að notast við ferðasalerni. Að því kemur að losa þarf salernið og er aðstöðu til þess að finna víða um landið. Bæklingur um losun ferðasalerna var uppfærður 2015 og var þá einnig bætt við korti með GPS staðsetningahnitum sem



Í dekkjakurlu geta verið efni við á borð við blý, zink og kadmíum. Áður fyrr voru notuð þrávirk efni (PAH) við framleiðslu á bíldekkjum sem geta m.a. valdið krabbameini.

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2013	RAUN 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	TEYMI	MÁL-SHRÁÐI
Notendaleyfi		0	120	82	42	70	55	Efnamál	
Veiting tímabundinnar skráningar fyrir plöntuvarnarefni	35	47	25	75	0	0	0	Efnamál	
Veiting markaðsleyfa fyrir plöntuvarnarefni	3	0	0	0	0	0	0	Efnamál	
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi plöntuverndarvara	0	0	8	0	3	0	2	Efnamál	
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi sæfivara	6	0	4	2	3	2	3	Efnamál	90

finna má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun hefur frá árinu 2014 haft með höndum eftirlit með efnum og efnablöndum á markaði og á árinu 2015 voru unnin 11 eftirlitsverkefni á vegum stofnunarinnar með mismunandi áherslum. Farið var í alls 112 eftirlitsferðir og 894 vörutegundir skoðaðar en eftirlitið náði til snyrtivara, þvotta- og hreinsiefna, sæfivara, plöntuverndarvara og fleiri hættulegra efnavara. Lögð var áhersla á að skoða merkingar og innihaldsefni, en einnig hvort vörur væru með leyfi til að vera á markaði og öryggisblöð til staðar fyrir þá sem nota hættuleg efni í atvinnuskyni. Tíðni frávik var að jafnaði um 35% en nokkuð breytileg eftir vöruflokkum. Lítið var um frávik í sólarvörn en mikið í vörum á borð við nagdýra- og skordýraeitur. Sú staðreynd að ú undanförunum árum hafa orðið miklar breytingar á lögum og reglum um þessi efni kann að skýra að einhverju leyti háa tíðni frávik.

Umhverfisstofnun leggur mikla áherslu á að veita fyrirtækjum stuðning svo þau geti verið sem best upplýst um skyldur sínar þegar kemur að markaðssetningu á efnum og efnablöndum. Í því skyni voru á árinu 2015 haldnir fjórir kynningarfundir og gefinn út einn bæklingur, auk þess sem stofnunin kom að kennslu í námskeiði um meðferð varnarefna við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Þeir sem markaðssetja plöntuverndarvörur hér á landi þurfa að tilkynna um það til Umhverfisstofnunar. Einn liður í því skyni að fylgjast með því að plöntuverndarvörur uppfylli sett skilyrði, er að fylgjast með því hvort óskað hafi verið eftir leyfi til tollafgreiðslu fyrir þeim hjá stofnuninni áður en þær fara á markað. Í úttekt sem gerð var á tollafgreiðslu vegna ársins 2014 kom í ljós að yfir 95% af þeim plöntuverndarvörum sem þá bárust til landsins komu til áritunar og því hægt að staðfesta að þær væru með markaðsleyfi. Þetta er umtalsverð framför frá árinu áður þegar þetta hlutfall var einungis 71%.



Notkun á plöntuverndarvörum er gefin upp í tonnum af virku efni á ári en það gefur einna besta vísbendingu um áhrif þeirra á heilsu manna og umhverfi.

Í könnun sem Umhverfisstofnun lét framkvæma á árinu 2015 á þekkingu almennings á nýjum hættumerkjum, kom í ljós að einungis 6% þekktu nýju merkin, en yfir 90% þau gömlu. Af því er ljóst að brýn þörf er á því að efla kynningarstarf til almennings á þessu sviði. Staðan er betri meðal aðila í iðnaði og verslun, en í könnun um þekkingu þeirra á kröfum sem gerðar eru til markaðssetningar efnavara kom fram að 70% þekktu reglur um flokkun og merkingu efnablandna (CLP) ágætlega, frekar vel eða mjög vel.


PLÖNTUVERNDARVÖRUR, MARKMIÐ VARÐANDI MARKAÐSSETNINGU Á VIRKUM EFNUM

Umhverfisstofnun hefur í drögum að aðgerðaáætlun um notkun varnarefna sett fram markmið vegna notkunar á plöntuverndarvörum fyrir tímabilið 2016-2031 og þar er gert ráð fyrir að

notkun á þessum vörum nemi ekki meiru en 3 tonnum á ári af virku efni. Þetta er nokkru minna en sett var á markað á árunum 2014 og 2015 eins og myndin gefur til kynna og er því gert ráð fyrir samdrætti miðað við núverandi stöðu.

Markmiðið felur í sér þá áskorun að til þess að draga úr áhættu fyrir heilsu og umhverfi þurfi að taka í auknum mæli upp aðferðir í plöntuvernd sem ekki byggjast á notkun efna. Það kann að styðja við markmiðið að á undanförunum árum hafa komið á markað nýjar plöntuverndarvörur sem búa yfir sömu virkni og áður en innhalda lægri styrk virkra efna. Ekki er gert ráð fyrir samdrætti umfram 3 tonn af virku efni á ári á tímabilinu þar sem búast má við að ræktun aukist samfara vaxandi fólksfjölda.

Notkun á plöntuverndarvörum er gefin upp í tonnum af virku efni á ári en það gefur einna besta vísbendingu um áhrif þeirra á heilsu manna og umhverfi.



Í könnun sem Umhverfisstofnun lét framkvæma á árinu 2015 á þekkingu almennings á nýjum hættumerkjum, kom í ljós að einungis 6% þekktu nýju merkin




F-gös eru lífræn efnasambönd sem, auk kolefnis og vetnis, innihalda flúor en engan klór.

Þessi efnasambönd valda auknum gróðurhúsaáhrifum.



Á árunum 2003-2015 veitti stofnunin umsagnir um alls 105 undanþágur frá ákvæðum reglugerða er tengjast hollustuháttum.

Innflutningur á ammoníaki og F-gasi 2013 til 2015.



UMHVERFIS- OG ÁRANGURSVÍSIR Í ÞVÍ SKYNI AÐ HVETJA TIL MINNI NOTKUNAR Á F-GÖSUM


Þegar tekið var fyrir framleiðslu og notkun ósoneyðandi kælimiðla komu í staðinn kælimiðlar sem tilheyra flokki svokallaðra F-gasa, en það eru lífræn efnasambönd sem, auk kolefnis og vetnis, innihalda flúor en engan klór. Þessi efnasambönd valda auknum gróðurhúsaáhrifum og því miðar núgildandi regluverk að því að draga úr notkun þeirra. Af þessum ástæðum hefur sjónum aftur verið beint að kælimiðli sem hefur verið lengi í notkun og er hvorki gróðurhúsalofttegund né skaðlegur ósonlaginu, það er ammoníak. Hlutfall F-gasa af heildarinnflutningi þessara tveggja kælimiðla getur gefið vísbendingu um árangur í því að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda. Á meðfylgjandi mynd má sjá upplýsingar um innflutning ammoníaks og F-gasa frá 2013 til 2015. Hún

sýnir að innflutningur F-gasa var meiri árið 2015 en næstu tvö ár á undan, hvort sem miðað er við innflutt magn eða hlutfall F-gasa af samanlögðum innflutningi miðlanna tveggja. Vísirinn gefur því ekki jákvæða mynd af þróuninni síðustu þrjú ár.

FJÖLDI UMSAGNA UM UNDANÞÁGUR VEGNA HOLLUSTUHÁTTA

Eitt af markmiðum stofnunarinnar er fækka undanþágum og hefur stofnunin tekið saman hugmyndir varðandi það sem rétt er að taka mið af við veitingu undanþága og sent þær til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Stofnunin leggur einnig til að gerðar verði ríkari kröfur til umsókna um undanþágur. Á árunum 2003-2015 veitti stofnunin umsagnir um alls 105 undanþágur frá ákvæðum reglugerða er tengjast hollustuháttum. Á meðfylgjandi mynd má sjá heildarfjölda undanþága

Fjöldi umsagna um undanflágur vegna hollustuhátta



Á árunum 2003-2015 veitti stofnunin umsagnir um alls 105 undanþágur frá ákvæðum reglugerða er tengjast hollustuháttum.

sem sótt var um á tímabilinu 2003-2015. Á árunum 2013-2014 var mikill fjöldi undanþágubeiðna vegna fjarlægðarmarka fyrir eldihús. Skýrari ákvæði hafa í kjölfarið verið sett í reglugerðir sem síðan hafa dregið úr undanþágubeiðnum.

Á árinu 2015 voru átta umsagnir veittar varðandi ósk um undanþágur frá gildandi reglugerðum og lögum um hollustuhætti, sund- og baðstaði og vegna hávaða en í 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir segir m.a.: „...Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og viðkomandi heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.“ Á tímabilinu 2010-2015 hafa þessar umsagnir verið á bilinu 6 til 30. Eins og myndin sýnir fer umsögnum fækkandi, m.a. vegna breytinga á reglugerðum um sund- og baðstaði og um fjarlægðareglu.


KENNSLUEFNI UM HÆTTUMERKI FYRIR BÖRN

Hönnuhús (www.hönnuhús.is) er samnorrænt kennsluefni fyrir vef sem unnið var á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Umhverfisstofnun tók þátt í verkefninu en markmiðið er að kynna ný hættumerki fyrir börnum á grunnskólaaldri. Á síðunni geta þau farið um húsið með Hönnu til að læra um hættumerkin og skoða merktar vörur en þær má finna má á flestum heimilum.

EFTIRLIT MEÐ SÖLUSKRÁM FYRIR PLÖNTUVERNDARVÖRUR OG ÚTRÝMINGAREFNI


Aðilum, sem selja plöntuverndarvörur og útrýmingarefni sem einungis eru ætluð til notkunar í atvinnuskyni, er skylt að krefjast notendaleyfis af þeim sem kaupa þessar vörur og halda skrár um sölu. Samkvæmt söluskrám sem Umhverfisstofnun kallaði eftir fyrir árið 2014 voru 82% kaupenda á plöntuverndarvörum og 20% kaupenda á útrýmingarefnum ekki með notendaleyfi í gildi þegar viðskiptin áttu sér stað. Í ljósi þessara niðurstaðna hefur verið lögð aukin áhersla á að bjóða upp á námskeið fyrir þá sem ekki uppfylla kröfur til að sækja um notendaleyfi.

Notendaleyfi fyrir útrýmingarefnum - 76 kaupendur




■ Leyfi í gildi ■ Leyfi útrunnið ■ Aldrei haft leyfi

Notendaleyfi fyrir plöntuverndarvörum - 126 kaupendur



■ Leyfi í gildi ■ Leyfi útrunnið ■ Aldrei haft leyfi



Hönnuhús (www.hönnuhús.is) er samnorrænt kennsluefni fyrir vef sem unnið var á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Umhverfisstofnun tók þátt í verkefninu en markmiðið er að kynna ný hættumerki fyrir börnum á grunnskólaaldri.

SJÁLFBÆR NÝTING AUÐLINDA

Við þurfum að draga úr neyslu og auka endurnýtingu og endurvinnslu

Við viljum stuðla að sjálfbærri og skilvirkri nýtingu auðlinda, s.s. hráefna, jarðefna, villtra dýrastofna, orku og ferðamannastaða. Við munum halda auðlindabókhald. Draga þarf úr myndun úrgangs og efla úrgangsstjórnun með aukinni flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu enda er úrgangur verðmætt hráefni. Við viljum draga úr neikvæðum áhrifum úrgangs á umhverfi og heilsu manna.

SJÁLFBÆR NÝTING AUÐLINDA

Umhverfisstofnun vill stuðla að sjálfbærri og skilvirkri nýtingu auðlinda. Í lok september lét stofnunin gera könnun meðal almennings á viðhorfi til matarsóunar. Helstu niðurstöður hennar voru að 75% aðspurðra sögðust reyna að lágmarka magn matar og drykkjar sem hent væri. Þegar spurt var um ástæður þess að fólk henti mat svöruðu flestir því að hann væri úrunninn (29%) eða að gæði hans væru ónóg (25%). Verið er að vinna ýmis átaksverkefni gegn matarsóun og er þungamiðjan ný vegfátt um málefnið; matarsoun.is. Vegfáttin er unnin í samstarfi við fleiri aðila. Umhverfisstofnun fékk styrk frá Hagstofu Evrópusambandsins til að gera ítarlega rannsókn á umfangi matarsóunar á Íslandi. Rannsóknin mun fara fram árið 2016 og þar verður sjónum beint að allri virðiskeðjunni; frá framleiðendum, til birgja, verslana og mótuneyta, og loks til heimila. Rannsóknin er sú fyrsta sinnar tegundar sem gerð er hér á landi með svo ítarlegum hætti. Rúmlega eitt þúsund heimili og um 700 fyrirtæki verða valin í tilviljunarkennt úrtak til að taka þátt í rannsókninni og verða þátttakendur beðnir um að vigta mat og matarúrgang sem fer til spillis. Gert er ráð fyrir að niðurstöður rannsóknarinnar liggi fyrir sumarið 2016.

Forgangsverkefni í formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2014 heitir Norræna lífhagkerfið (NordBio) og undir það fellur verkefni Umhverfisstofnunar um lífrænan úrgang til nýsköpunar. Árið 2015 var gögnum safnað um magn og myndun mismunandi flokka lífræns úrgangs á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Þessi gögn voru síðan nýtt til að skoða frekar hvar og hvernig lífrænn úrgangur fellur til í þessum eyríkjum og kortleggja lífrænan úrgang.



Til að ná markmiðum um að efla úrgangsstjórnun með aukinni flokkun, endurvinnslu og

endurnýtingu er nauðsynlegt að plastumbúðir séu rétt merktar, þ.e. með þríhyrningi með númeri, skammstöfun á heiti plasttegundar eða hvoru tveggja. Umhverfisstofnun gerði könnun á þessum merkingum á árinu. Um var að ræða endurtekningu á könnun sem var gerð árið 2013. Af heildarúrtakinu voru 88 vörur +nákvæmlega þær sömu og skoðaðar voru 2013. Árið 2013 voru 65 þeirra merktar en nú var fjöldinn kominn í 76. Próunin er því í rétta átt en ennþá vantar töluvert upp á að allar plastumbúðir séu merktar og þar með að fullu flokkunarhæfar til endurvinnslu.

Á árinu var unnið áhersluverkefni sem snerist um að birta meiri tölfraði um úrgang á vefsíðu stofnunarinnar en áður hefur verið. Með gagnvirkum hætti má nú kalla fram myndræna tölfraði fyrir mismunandi úrgangsflokka og bera saman við þau markmið sem hafa verið sett í hverjum flokki. Til dæmis hefur verið sett markmið um söfnun að lágmarki 25% rafhlöðu- og rafgeymaúrgangs á ári á tímabilinu 2012–2016. Markmiðið mun svo hækka upp í 45% árið 2016, í 65% 2020 og loks í 85% 2024. Þegar tölfraðin er skoðuð kemur í ljós að söfnun á rafhlöðu- og rafgeymaúrgangi hér á landi er mjög góð þegar á heildina er litið. Á árunum 2011–2013 söfnuðust í kringum 80% og þó að hlutfallið hafi tekið nokkra dýfu árið 2014 þá var söfnunin á þessu tímabili í heild meiri en markmiðið sem tekur gildi árið 2020 gerir kröfu um. Það má því færa rök fyrir því að staðan hér á landi sé til fyrirmyndar. Við hánari athugun kemur þó í ljós að söfnun blýsýrurafgeyma er framúrskarandi góð og sá hluti hífir upp heildarsöfnunina. Söfnunarhlutfall annarra rafhlaðna er hins vegar mun lægra og hefur farið lækkanandi síðan 2012. Þessi hluti dregur heildarsöfnunina niður. Hér á landi liggja því veruleg tækifæri í því að auka söfnun rafhlaðna, annarra en blýsýrurafgeyma.



Á árinu var unnið áhersluverkefni sem snerist um að birta meiri tölfraði um úrgang á vefsíðu stofnunarinnar en áður hefur verið.



MAGN ÚRGANGS EFTIR UPPRUNA KG/ÍBÚA

Magn úrgangs eftir uppruna

Frá árinu 1995 hefur hlutfall flokkaðs úrgangs aukist mikið. Um leið hefur magn blandaðs úrgangs dregist saman. Rétt flokkun er lykillinn að því að gera úrgang hæfan til endurnýtingar.

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS (1000 TONN)

Meðhöndlun úrgangs

Á tímabilinu 1995-2013 hefur mikil breyting orðið á meðhöndlun úrgangs. Urðun og brennsla hafa dregist saman um næstum helming og á sama tíma hefur jarðgerð og önnur endurnýting sjöfaldast.

ÞRÓUN

Samhliða auknum umhverfiskröfum og miklum úrbótum sem orðið hafa við meðhöndlun úrgangs á undanfönum árum hér á landi, s.s. með aukinni endurvinnslu og minna magni úrgangs sem fer til förgunar, hefur þörfin fyrir urðunarstaði dregist saman. Auknar kröfur um mengunarvarnir sem urðunarstaðir þurfa að uppfylla hafa haft áhrif og dregið úr rekstrarhæfni lítilla og meðalstórra urðunarstaða. Fjölmörg sveitarfélög hafa því stigið það skref síðustu árin að loka sínum urðunarstöðum. Frá árinu 2012 hefur 14 urðunarstöðum

verið lokað, sem þýðir að urðunarstöðum á Íslandi hefur fækkað um tæp 40% á fjögurra ára tímabili. Við lokun urðunarstaðar ber rekstraraðili ábyrgð á hreinsun og frágangi og hann ber ábyrgð á eftirliti og vöktun í allt að 30 ár eftir lokun. Lokunarfyrirmælum sem stofnunin gefur út er þinglýst á viðkomandi jörð.

Frá árinu 2013 hefur starfandi sorpbrennslustöðvum verið gert að uppfylla auknar kröfur um mengunarvarnir, m.a. losun díoxína og fúrana, og eldri undanþágur þar með felldar úr gildi. Í árslok 2010 voru starfandi sex sorpbrennslustöðvar á

landinu en þeim hefur nú flestum verið lokað. Í árslok 2015 var aðeins ein sorpbrennslustöð enn starfandi.

Ljóst er því að miklar framfarir hafa orðið í úrgangsmálum síðustu fimm árin. Urðunarstöðum og brennslustöðvum hefur fækkað á sama tíma og endurvinnsla og endurnýting hefur aukist mikið. Enn hefur þó ekki tekist að slíta í sundur tengslin á milli myndunar úrgangs og hagvaxtar í samfélaginu. Þar liggja helstu áskoranir í úrgangsmálum í nánustu framtíð.

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2013	RAUN 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	TEYMI	MÁL-SHRÁÐI
Eftirlit með erfðabreyttum lífverum	8	9	7	5	8	9	8	Eftirlit	-
Eftirlit með framkvæmdum á friðlýstum svæðum	45		30			10	25	Náttúrusvæða	-
Leyfi til urðunar á sóttmengduðum dýraúrgangi	10	18	2	16	16	14	14	Neytenda	3
Útgefn Svansleyfi	7	3	3	3	3	1	2	Neytenda	-
Endurvottun Svansleyfi			9	0	19	19	8	Neytenda	
Tilkynningar vegna flutnings úrgangs á milli landa	18	18	18	25	25	17	17	Neytenda	30
Leyfi til að mynda á friðlýstum svæðum	20	33	35	19	25	25	25	Umsagna- og leyfis	15
Leyfisveitingar til framkvæmda á friðlýstum svæðum	70	29	40	27	30	30	30	Umsagna- og leyfis	15
Leyfisveitingar vegna erfðabreyttra lífvera	6	2	3	2	4	5	4	Umsagna- og leyfis	90
Fjöldi skotvopnanámskeiða (fjöldi þátttakenda)	24(650)	23(701)	24(650)	24(614)	24(650)	24(570)	24(600)	Veði- og verndar	-
Fjöldi veiðinámskeiða	24(650)	23(666)	24(650)	24(683)	24(650)	24(524)	24(600)	Veði- og verndar	-
Námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	1	0	1	0	1	0	1	Veði- og verndar	-
Skil á veiðiskýrslum veiðikorthafa undangengis árs	95	92	95	92	92	90	92	Veði- og verndar	-
Móttaka og skráning á veiðiskýrslna	12000	11715	12000	12270	12000	11187	12000	Veði- og verndar	-
Umsóknir um hreindýraveiðileyfi	4000	3610	4000	3602	4000	3673	4000	Veði- og verndar	-
Leyfi fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	30	5	5	1	5	1	100	Veði- og verndar	40
Útgefn veiðikort	12000	12065	12000	11985	12000	11504	12000	Veði- og verndar	3
Útgefn leyfi vegna hreindýraveiði	1229	1195	1277	1237	1412	1348	1300	Veði- og verndar	5 - 7
Leyfi til myndatöku við hreiður fugla	15	19	20	20	20	14	20	Veði- og verndar	15
Eftirlit með hreindýraveiðum - fjöldi daga	40	18		20	20	12	20	Veði- og verndar	-
CITES leyfisveitingar	26	31	30	39	30	13	20	Veði- og verndar	15
Umsagnir um undanþágur frá villidýralögum	1	0	2	3	2	1	2	Veði- og verndar	14
Umsagnir um undanþágur á innfl. á framandi lífverum	3	1	3	2	3	5	2	Veði- og verndar	-
Umsagnir um undanþágur varðandi skotvopn		14	12	32	32	16	30	Veði- og verndar	

VEIÐISTJÓRNUN Á RJÚPU OG GÆS


Meginþættir veiðistjórnunar á rjúpu hafa verið þrír; í fyrsta lagi sölubann, í öðru lagi hvatning um hófsemi og í þriðja lagi sóknardagar. Haustið 2013 ákvað Umhverfis og auðlindaráðherra að rjúpna-veiðitíminn yrði 12 dagar næstu þrjú árin. Sá tími er nú liðinn og starfshópur að störfum sem leggja mun línur fyrir næst veiðitímabil. Almenn ánægja er meðal veiðimanna að veiðitíminn sé skilgreindur til nokkurra ára í senn.

Veiðar á grágæsum og heiðagæsum hófust 20. ágúst eins og venja er um land allt. Upphafi veiðanna var hinsvegar seinkað á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs til 1. september eins og nokkur undangengin ár vegna snjálaga fram eftir vori og þar með seinkuðu varpi gæsanna.



VEIÐISTJÓRNUN Á HREINDÝR

Hreindýrakvóti ársins 2015 var sá stærsti frá upphafi 1412 dýr, 630 tarfar og 782 kýr. Veiðitímabil tarfa var 63 dagar og hefðbundið veiðitímabil kúa 50 dagar. Við veiðitímabil kúa bættust síðan 30 dagar í nóvember á svæðum 7, 8 og 9 því heimilt var að fella samtals 138 kýr í nóvember á þeim svæðum. Breytt fyrirkomulag var á greiðslum hreindýraleifya. Greiða þurfti leyfið með einni greiðslu, í seinasta lagi 15. apríl. Ákveðið var að taka upp þetta form til að hægt sé að úthluta fyrir þeim leyfum sem skilað er inn eftir útdrátt. Ekki tókst að fella dýr á öll þau leyfi sem úthlutað voru og hafði veðurfarið þar mest áhrif. Það sem mestu réði um þennan stóra veiðikvóta var mjög hár kvóti á veiðisvæði 7 sem er Djúpavogshreppur. Þar voru hreindýrin orðin of mörg miðað við þau mörk sem liggja til grundvallar við kvótasetningu þegar skoðaður er fjöldi dýra á hverju ágangssvæði.

Heildarveiði heiða- og grágæsa samkvæmt veiðiskýrslum



Heildarveiði rjúpna samkvæmt veiðiskýrslum





Meginþættir veiðistjórnunar á rjúpu hafa verið þrjár; Í fyrsta lagi sölubann, í öðru lagi hvatning um hófsemi og í þriðja lagi sóknardagar.



GRÆNT SAMFÉLAG

Græn skref í ríkisrekstri skila árangri

MARKMIÐ 6

Við viljum taka skref í átt að grænu samfélagi með áherslu á græna nýsköpun.

Auka þarf vistvæn innkaup hjá stofnunum og fyrirtækjum og hlut umhverfismerktar vöru í innkaupum almennings.

Við upplýsum almenning og fyrirtæki um leiðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Við viljum auka vitund almennings um tengsl lýðheilsu og útivistar. Við veitum upplýsingar til almennings um ástand umhverfisins.

EFST Á BAUGI

Umhverfisstofnun vill byggja upp og styðja við grænt samfélag. Því hefur stofnunin lagt áherslu á fræðslu til almennings, fyrirtækja og annarra stofnana um grænni leiðir í lífstíl og rekstri. Neytendavefsíða Umhverfisstofnunar, grænn.is, inniheldur aðgengilegar upplýsingar til neytenda um grænan lífstíl og er mikið sótt í þennan hluta heimasíðu stofnunarinnar. Á árinu 2015 stóð Umhverfisstofnun fyrir nokkrum fræðslufundum um grænan lífstíl og tengd málefni.

Fyrir 25 árum tók Ísland þátt í því að stofna norræna umhverfismerkið Svaninn sem er nú talið eitt af virtustu umhverfismerkjum heims. Svanurinn og Svansvottuð fyrirtæki gegna lykilhlutverki í að miðla upplýsingum til neytenda um umhverfissvænar vörur og þjónustu og efla þar með umhverfisvitund almennings. Úrval Svansvottaðra vara og þjónustu eykst með ári hverju og eru nú 29 Svansfyrirtæki á Íslandi. Auk þess að geta fengið Svansvottun geta fyrirtæki nú gengið í Innkaupanet Umhverfisstofnunar og þar með skuldbundið sig til að kaupa umhverfissvottaða vöru og þjónustu þegar þess er kostur. Þannig geta fyrirtæki aukið til muna úrval af umhverfissvottaðum vörum og þjónustu á íslenskum markaði.

Nú geta ríkisstofnanir farið græna skrefinu lengra með verkefnum Græn skref í ríkisrekstri og Grænt bókhald ríkisstofnana. Ríkisstofnanir hafa getað skilað Grænu bókhaldi síðan 2011 en stýrihópur um vistvæn innkaup setti verkefnið á fót sem verkfæri fyrir stofnanir til að fylgjast betur með þeim þáttum í rekstri sem hafa hvað mest umhverfisáhrif. Verkefnið Græn skref í ríkisrekstri hófst formlega í lok árs 2014 en eins og með Grænt bókhald hóf stýrihópur um vistvæn innkaup vinnu við verkefnið. Bæði fyrirtæki og stofnanir hafa sýnt aukinn áhuga á því að vinna að

umhverfismálum og sú áherslubreyting hefur haft margvísleg jákvæð áhrif, m.a. ánægðara starfsfólk, bætt ímynd stofnunar, rekstrarlegt hagræði og að starfsmenn nýta sér vistvænni samgöngumáta í meira mæli sem jafnframt eykur hreytti og starfsánægju.

GRÆN SKREF Í RÍKISREKSTRI



Í stefnu ríkisins um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur 2013-2016 er lögð áhersla á að ríkisstofnanir vinni að því að minnka umhverfisáhrif daglegs rekstrar og að stofnanir njóti aðstoðar á þeirri vegferð. Stýrihópur um vistvæn innkaup aðlagði því vel heppnað verkefni, Græn skref Reykjavíkurborgar, að ríkisrekstri en umhverfis- og auðlindaráðuneytið fjármagnar verkefnið og Umhverfisstofnun fer með umsjón þess. Grænu skrefin snúast um að efla vistvænan rekstur ríkisins með kerfisbundnum hætti. Þau eru sett upp í formi hvatakerfis og stofnanir innleiða ýmsar aðgerðir sem snúa að þeim þáttum sem hafa hvað mest umhverfisáhrif í rekstrinum, s.s. úrgangur, innkaup, hiti- og rafmagn og eldsneyti. Grænu skrefin eru fimm talsins og þegar stofnanir hafa innleitt 90% aðgerða innan hvers skrefs er gerð úttekt og stofnunin fær viðurkenningu fyrir tiltekið skref. Verkefnið hófst formlega í lok árs 2014 og í lok árs 2015 voru 25 stofnanir (35 með starfsstöðvum) skráðar í verkefnið. Markmiðið var að 30 stofnanir yrðu skráðar í verkefnið fyrir lok árs 2015 og að 20 þeirra hefðu lokið við innleiðingu á fyrsta skrefinu. Ef litið er til fjölda starfsstöðva sem er skráður í verkefnið hefur báðum þessum markmiðum verið náð. Starfsstöð Umhverfisstofnunar á Suðurlandsbraut var fyrsta stofnunin til að innleiða öll fimm skrefin og fékk verðskuldaða viðurkenningu á ársfundi stofnunarinnar 2015.

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2013	RAUN 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	TEYMI	MÁLSHRADI
Grænt bókhald frá atvinnurekstri	50	53	50	52	50	50	50	Eftirlit	
Eftirfylgnismál vegna skila á grænu bókhaldi	7	9	8	9	8	5	8	Eftirlit	
Umsóknir um Svansleyfi	5	5	5	5	5	1	3	Neytenda	-
Yfirferð árskýrsla leyfishafa Svansins	24	20	25	16	6	6	19	Neytenda	-
Eftirlitsferðir til leyfishafa Svansins	24	18	23	7	6	6	3	Neytenda	-
Viðbótareftirlitsferðir Svansins		5	0	0	0	0	0	Neytenda	


SVANURINN

Einn nýr leyfishafi bættist við í Svaninn á árinu og eru nú leyfishafar 29 talsins. Voru það Eldhús og matsalir Landspítalans sem sóttu um og fengu vottun fyrir sína þjónustu. Þau þurfa því að uppfylla sambærilegar kröfur og Svansvottaðir veitingastaðir, þ.e. fylgjast með úrgangsmagni, efna- og orkunotkun og leggja aukna áherslu á lífrænt vottuð matvæli. Eldhús og matsalir Landspítalans bæstast í hóp þriggja fyrirtækja sem eru með vottun fyrir veitingarekstur en þau eru Kaffihús Kaffitárs, veitingastaðurinn Nauthóll og mötuneyti Landspítalans. Á árinu 2015 stóð jafnframt yfir endurvottun á öllum Svansvottuðum prentsmiðjum landsins og öllum vottuðum hótélum og veitingastöðum. Samtals eru þessi fyrirtæki 20 talsins og eru því stærsti fyrirtækjahópur Svansins á Íslandi. Þar sem viðmið Svansins eru endurskoðuð og hert á fimm ára fresti þurfa fyrirtækin að fara í gegnum endurvottun til að halda vottun sinni.




FJÖLDI STOFNANA SEM SKILA GRÆNU BÓKHALDI

Verkefni þetta er valfrjálst stofnunum en Fjármála- og efnahagsráðuneyti hvetur stofnanir til að vinna Grænt bókhald en Umhverfisstofnun fer með umsjón verkefnisins. Skil vegna hvers árs berast ekki fyrr en um mitt ár þar á eftir þannig að grafið sýnir fjölda stofnana sem skila inn Grænu bókhaldi árið 2014.



GRÆN SKREF Í RÍKISREKSTRI - ÖLLUM FIMM LOKIÐ

Starfsstöð Umhverfisstofnunar á Suðurlandsbraut var fyrsta stofnunin til að innleiða öll fimm skrefin og fékk viðurkenningu þess efnis á ársfundi stofnunarinnar 2015. Samhliða Grænum skrefum mun Umhverfisstofnun fylgja á eftir markmiðum um að auka þátttöku stofnana í að halda og skila Grænu bókhaldi. Meginmarkmiðið með Grænu bókhaldi er að fá yfirsýn yfir magntölur í rekstri, sem eru forsenda þess að draga úr sóun og stuðla að hagræðingum í rekstri með umhverfissjónarmið í forgrunni.



GRÆN SKREF Í RÍKISREKSTRI, FYRSTA SKREFIÐ STIGIÐ

Grænu skrefin eru fimm talsins og þegar stofnanir hafa innleitt 90% aðgerða innan hvers skrefs er gerð úttekt og stofnunin fær viðurkenningu fyrir tiltekið skref. Verkefnið hófst formlega í lok árs 2014 og í lok árs 2015 voru 25 stofnanir (35+ starfsstöðvar) skráðar í verkefnið. Markmiðið var að 30 stofnanir yrðu skráðar í verkefnið fyrir lok árs 2015 og að 20 þeirra hefðu lokið við innleiðingu á fyrsta skrefinu. Í lok árs höfðu 19 stofnanir lokið fyrsta skrefinu.

SAMBÆTTING OG EFTIRFYLGNI

Gegnsæi í eftirliti skilar árangri

Við viljum tryggja bættu framkvæmd laga og reglna á umhverfissviði með markvissara eftirliti og eftirfylgni. Áhersla verður á samvinnu við hagsmunaaðila og bættu þjónustu. Jákvæðar og hvetjandi aðgerðir notaðar til að fá atvinnulíf og sveitarfélög til að sinna sínum skyldum af ábyrgð. Beitum okkur fyrir samþættingu umhverfissjónarmiða í öllum geirum samfélagsins. Höldum á lofti hagsmunum umhverfis og náttúru við opinbera stefnumótun.

Mikil áhersla var lögð á fagmennsku og bættu þjónustu í þróunar- og umbótaverkefnum árið 2015. Unnin var áætlun um þjálfun eftirlitsmanna og gert er ráð fyrir að sérfræðingar kynni sér framkvæmd eftirlits á Norðurlöndunum og deili sinni reynslu um leið. Sérfræðingar í mengandi starfsemi tóku þátt í evrópskum verkefnum sem miða að því að draga fram bestu starfsaðferðir og útfæra nánar. Áherslur stofnunarinnar, m.a. í gegnsæi í eftirliti, voru kynntar á evrópskri vinnustofu í Skotlandi á árinu við góðar undirtektir. Er nú litið til Íslands sem fyriryndar í miðlun upplýsinga úr eftirliti. Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut.

Verkefilar voru uppfærðir og bættir. Mikilvægt er að mismunandi verkefni innan stofnunarinnar séu samþætt þar sem unnt er, þótt um aðskilda löggjöf sé að ræða, s.s. leyfi til losunar gróðurhúslofttegunda og starfsleyfi fyrir iðnað sem getur haft í för með sér mengun. Eftirlit með notkun efna í iðnaði er einnig tvinnað saman við annað eftirlit.

Mun fleiri umsóknareyðublöð og leiðbeiningar eru nú aðgengileg á vef stofnunarinnar. Stefnt er að því að bæta þjónustu og nýta tíma sérfræðinga betur í þau kjarnaverkefni sem stofnuninni eru falin og miða að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum en ekki síður að standa vörð um góð skilyrði til að njóta náttúru-

unnar. Ávallt verður að hafa hugfast að þegar erindi berst frá einum aðila eru ávallt til staðar aðrir ósýnilegir viðskiptavinir; náttúran sjálf og fólkið.

Nauðsynlegt er að fylgjast vel með þróun losunar mengunarefna. Umhverfisstofnun tekur saman tölur um losun díoxíns og PAH sem safnað er saman á alþjóðlegum vettvangi. Einnig er fylgst með losun helstu efna frá mengandi starfsemi, hvort sem um er að ræða losun í loft, vatn eða jarðveg. Þær upplýsingar eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar og flokkaðar eftir landshlutum og starfsemi.


ÞRÓUN

Útstreymi díoxíns hefur dregist saman um 90% frá árinu 1990 og var losun komin niður í 1,5 g I-TEQ árið 2014. Þennan árangur má að mestu rekja til þess að opinni brennslu sorps var nær alveg hætt og að kröfur voru hertar um hvað mætti brenna á áramótabrennum. Stofnunin telur líklegt að losun díoxíns verði á svipuð næstu árin.

Heildarútstreymi PAH₄ (fjölhringa arómatískra kolvetna) hefur aukist um 71% frá árinu 1990. Um helming losunarinnar má rekja til iðnaðarferla og vegur málframléiðsla, s.s. ál og járnblendi, þyngst. Vöxtur í slíkri framléiðslu á tímabilinu er



Ávallt verður að hafa hugfast að þegar erindi berst frá einum aðila eru ávallt til staðar aðrir ósýnilegir viðskiptavinir; náttúran sjálf og fólkið.





helsta orsök aukningar á losun PAH₄. Losun PAH₄ frá samgöngum hefur aukist um 122% frá 1990, þar hafa fleiri og stærri bílar ásamt hærra hlutfalli díselbíla seinustu ár haft sitt að segja. Búast má við að á komandi árum megi greina aukningu á losun PAH₄, samfara auknum umsvifum í stóriðju. Á árunum eftir hrun varð lækkun í losun PAH₄ frá samgöngum og byggingariðnaði vegna minni eldsneytiseyðslu í þeim geira en það var vegið upp, og rúmlega það, með meiri losun frá stóriðju og einnig hljóp vöxtur í losun frá bilbruna fyrst eftir hrun. Aukin áhersla er nú lögð á kröfur um mælingar og mat á losun PAH efna við útgáfu leyfa fyrir mengandi starfsemi.


Verkferlar voru uppfærðir og bættir. Mikilvægt er að mismunandi verkefni innan stofnunarinnar séu samþætt þar sem unnt er, þótt um aðskilda löggjöf sé að ræða, s.s. leyfi til losunar gróðurhúslofttegunda og starfsleyfi fyrir iðnað sem getur haft í för með sér mengun.

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2013	RAUN 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Tillögur að reglugerðum	16	18	15	16	15	31	20	Eftirlit	-
Greiningar á EES - gerðum	66	142	100	164	120	72	90	Eftirlit	-
Mengunarvarnareftirlit	160	138	150	141	95	95	90	Eftirlit	-
Eftirfylgnismál stofnuð í kjölfar mengunarvarnareftirlits	35	46	40	24	30	34	25	Eftirlit	-
Þingmál frá Alþingi, þingsályktanir og frumvörp	32	24	30	18	15	9	12	Umsagna-og leyfis	-
Umsagnir vegna stjórnsýslukæra	6	1	3	3	2	6	5	Umsagna-og leyfis	14
Mat á umhverfisáhrifum	45	55	50	44	50	39	30	Umsagna-og leyfis	15-21
Umsagnir um skipulagsáætlanir	120	203	210	185	215	235	224	Umsagna-og leyfis	120
Starfsleyfi - útgefn	18		15	15	12	22	29	Umsagna-og leyfis	180
Umsagnir um undanþágur frá starfsleyfum	15	25	25	14	20	15	15	Umsagna-og leyfis	14
Leyfisveitingar vegna rannsóknaleyfa á friðlystum svæðum						9	12	Umsagna-og leyfis	



Á árunum eftir hrun varð lækkun í losun PAH4 frá samgöngum og byggingariðnaði




SKILVIRKNI EYKST

Ásamt því að vinna sífellt að því að auka gæðin í leyfum og álitum sem stofnunin gefur út, er fylgst með málshraða og skilvirkni. Árið 2015 voru gefin út hjá Umhverfisstofnun 23 starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, en áætlað var að gefa út 12 leyfi. Meðalmálshraðinn mældist 368 dagar. Til samanburðar voru gefin út 15 starfsleyfi árið 2014 og var þá meðalmálshraði 461 dagar. Tölurverður árangur hefur því náðst í skilvirkni varðandi afgreiðslu starfsleyfa. Meðalmálshraði á umsögnum vegna aðalskipulagstillagna er 28 dagar og fyrir deiliskipulagstillögur 29 dagar. Umsagnir um aðal- og deiliskipulagsáætlanir voru um 200 árið 2015.

Málshraði í mengunarvarnaeftirliti hefur einnig batnað milli ára og liðu að meðaltali 35 dagar frá eftirlitsheimsókn til útgefnar loka-skýrslu á síðasta ári, en málshraðaviðmiðið eru 45 dagar. Ferillinn er þannig að eftir eftirlitsheimsókn vinnur eftirlitsmaður drög að skýrslu sem er rýnd af samstarfsmanni og í framhaldinu send til rekstraraðila sem hefur 14 daga til gera athugasemdir við hana. Að þeim tíma liðnum, eða ef rekstraraðili staðfestir að ekki verði gerðar athugasemdir, fullgerir eftirlitsmaður skýrsluna og gefur hana út og sendir til rekstraraðila ásamt kröfu um úrbætur, ef einhver frávik komu fram við eftirlitið.

FRÁVIKUM FJÖLGAR Á NÝ

Eftir nokkuð jafna og þétta fækkun frávikum í eftirliti síðustu ára hefur frávikum fjölgað á ný. Árið 2011 hófst markvissari eftirfylgni frávikum hjá stofnuninni og í kjölfarið fækkaði frávikum í eftirliti ár frá ári. Fjölgun frávikum milli árunna 2014 og 2015 er áberandi hjá fiskimjölverksmiðjum og í fiskeldi og skýrist að hluta til af auknum kröfum sem gerðar eru með nýjum starfsleyfum. Einnig kom fram þó nokkuð af frávikum í smærri fiskeldisfyrirtækjum sem fluttust á síðasta ári frá heilbrigðisnefndum til Umhverfisstofnunar í kjölfar lagabreytingar. Fjöldi frávikum undanfarin ár hefur verið hæstur hjá verksmiðjum og helst hann sambærilegur milli ára. Fyrirtækjum í þeim flokki hefur fjölgað en frávikin sem orsaka hið háa meðaltal dreifast á fremur fáa aðila. Frávikum hjá rekstraraðilum í úrgangsméðhöndlum fór fækkandi milli ára líkt og undanfarin ár, og skýrist mögulega af því að rekstraraðilar hafi nú aðlagast áherslubreytingum í málaflöknum sem orðið hafa á síðustu árum. Umhverfisstofnun hefur nú þegar gert ráðstafanir til að bregðast við auknum fjölda frávikum með markvissri eftirfylgni.





MARKMIÐ 8

Við viljum tryggja bættu framkvæmd laga og reglna á umhverfissviði með markvissara eftirliti og eftirfylgni. Áhersla verður á samvinnu við hagsmunaaðila og bættu þjónustu. Jákvæðar og hvetjandi aðgerðir notaðar til að fá atvinnulíf og sveitarfélög til að sinna sínum skyldum af ábyrgð. Beitum okkur fyrir samþættingu umhverfissjónarmiða í öllum geirum samfélagsins. Höldum á lofti hagsmunum umhverfis og náttúru við opinbera stefnumótun.

LEIÐANDI STOFNUN

Bætt þjónusta og bættur afgreiðslutími erinda

UPPLÝSINGATÆKNI

Á árinu var ráðist í viðamikla upp færslu á allri upplýsingatækni sem stofnunin hefur yfir að ráða. Keyptar voru 25 fartölvur í örútboði hjá Ríkiskaupum og er stefnan sett á að ljúka við að endurnýja allan tölvubúnað árið 2016. Efir það verði tölvum skipt út á 4ra ára fresti eða eftir þörfum. Skjalakerfi stofnunarinnar var uppfært úr GoPro í GoPro.net og gekk það vonum framár. Samhliða var gerður samningur um Office 365 og allur sá hugbúnaður ásamt tölvupósti verður nú hýstur í skýjalausn. Sameiginlegu drifi verður lokað á árinu og verða gögnin í framtíðinni hýst í Sharepoint-umhverfi. Skilavefur veiðikorta var uppfærður í Filemaker 14 server og verður hér eftir í 256 AES dulkóðuðu umhverfi. Stefnt er að opnun hans í byrjun árs 2016 með mörgum öðrum nýjungum.

BÆTT ÞJÓNUSTA/MÍNAR SÍÐUR

Mínar síður voru opnaðar haustið 2015 og er ætlunin að á þeim geti viðskiptavinir nálgast öll umsóknareyðublöð stofnunarinnar og fylgst með stöðu mála sinna hjá stofnuninni. Auðkenni fer fram í gegn um island.is, annaðhvort með íslykli eða rafrænum skilríkjum í síma.

Stofnunin er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi fyrir starfsstöðvar sínar í Reykjavík og á Akureyri. Við hyggjumst færa þessa sýn yfir á

starfsstöðvar okkar úti á landi og því var það mikil gleðiefni þegar útibú okkar á Patreksfirði fékk viðurkenningu Grænna skrefa frá umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir að uppfylla fjögur græn skref af fimm í vistvænum ríkisrekstri.

MANNAUÐUR

Verðmæti hvernar stofnunar felast í mannaði hennar sem er málaflokkur með mörgum snerti-flötum, s.s. styðjandi ferlum fyrir stjórnendur, margs konar mælingum og leiðum til úrbóta. Árangursvísar eru ein leið til að fylgjast með gæðum í mannaðsmálum og sjá hvar er verið að gera vel og hvar má grípa í tauma. Flestar mælingar komu vel út á árinu en ástæða er til að rýna þær sem koma verr út. Á meðan almenn starfsánægja og sveigjanleiki í vinnu mælist jákvæður þáttur er starfsmannavelta það há að ástæða er til frekara utanumhalds og eftirfylgni. Stofnunin hefur lagt áherslu á að vera með samkeppnishæft starfsfólk. Þekking starfsfólks stofnunarinnar er gríðarlega mikil og eftirspurn eftir henni annars staðar frá getur verið áskorun sem stjórnendur þurfa að takast á við. Á árinu 2016 verður sérstakur gaumur gefinn að starfsmannaveltu, reglulega fylgst með henni og ástæður starfsloka kannaðar ítarlega og bornar saman við árin á undan m.t.t. ýmissa málaflokka og sviða.



Færst hefur í vöxt að óskað sé eftir sérfræðingum Umhverfisstofnunar í fréttu- og dægurmálapáttum ljósvakamiðlanna.




Alls var fjallað um Umhverfisstofnun rúmlega 700 sinnum í fréttum og greinum árið 2015. Þar af voru 87 fréttir í sjónvarpi og útvarpi, 215 í prentmiðlum, 290 í netmiðlum og 115 í sérvefum. Færst hefur í vöxt að óskað sé eftir sérfræðingum Umhverfisstofnunar í fréttu- og dægurmálaþáttum ljósvakamiðlanna en tölur um slíkt eru ekki inni í þessari tölfraði. Auk þess veitir fjölmiðlum upplýsingar og/eða liðsinnir við upplýsingaöflun án þess að vera getið sérstaklega fyrir hverju sinni. Listi yfir þær fréttir þar sem Umhverfisstofnunar er getið sýnir að fjallað er um stofnunina nær daglega. Með því að skoða síðustu ársmeðtöl yfir fjölmiðlaumfjöllun virðist sem um 700-800 fréttir árlega sé kjörstaða Umhverfisstofnunar. Óvenju-mikil fjölmiðlaumfjöllun um stofnunina árin 2011 og 2014 skýrist af díoxín-málinu og eldgosu í Holu-hrauni.

Umhverfisstofnun vill vera leiðandi í opinberri umræðu um umhverfismál. Í því felst að koma á framfæri upplýsingum um stöðu mála og taka fagnandi allri umræðu um verkefni okkar. Við forðumst aldrei opinbera umræðu og veitum alltaf bestu mögulegu upplýsingar. Við höfum það að leiðarljósi að miðla meiru heldur en minna og leggjum okkur fram um að finna upplýsingar fyrir þá sem óska eftir þeim en meðalsvartími almennra fyrirspurna er innan við tveir dagar. Við veitum fjölmiðlum forgangspjónustu og geta þeir náð sambandi við okkur hvenær sem er. Sé þess nokkur kostur svörum við þeim samdægurs.

MÁLSHRAÐI ORÐINN KÚLTÚR

Eftirfylgni með málshraða hjá opinberum stofnunum gerir kröfu um aukin gæði við flest stig úrvinnslu erinda, allt frá því að erindi berst þar til ákvörðun er tekin.

Miklu skiptir að ferillinn sé skýr. Það eykur gæði við úrvinnslu erinda að skilgreint sé almennt verk-lag sem á við um öll erindi og sér til þess að þau séu skráð, þau fái viðunandi vinnslu og þeim sé öllum svarað. Það veitir starfsmönnum skýra sýn á ferlið



Konur telja Umhverfisstofnun vera traustari en karlar, og sömuleiðis íbúar nágrennasveitafélaga Reykjavíkur frekar en aðrir

og gefur kost á að setja inn gæðaeftirlit sem tryggir að réttur starfsmaður fái erindið til sín, vinnslu og öryggis upplýsinga sé gætt, rýni eigi sér stað áður en ákvörðun er tekin, bréf undirritað af réttum aðila og að allt sé unnið innan tilgreinds vinnslutíma. Umbætur hafa þurft að eiga sér stað á öllum stigum: skráningu erinda, flokkun eftir efni, vinnslu erinda og skráningu upplýsinga um stöðu máls og að máli sé örugglega lokað þegar ákvörðun hefur verið tekin. Einnig var vinnsluhraði helstu verkefna skilgreindur og birtur á heimasíðu stofnunarinnar. Breytingarnar sem átt hafa sér stað eru það við-tækar að tala má kúlturbreytingu á vinnustaðnum. Samstaða er um mikilvægi þess að halda málshraða innan marka og sinna þeim kröfum sem gerðar eru til skráningar í upplýsingakerfið til að hægt sé að sýna fram á hvernig við stöndum okkur. Mikilvægt er að upplýsingakerfin styðji starfsmenn og nú er hægt að sjá heildarvinnslutíma erindis sem búið er að loka með auðveldum hætti.

Birtur hefur verið málshraði erinda í ársskýrslum stofnunarinnar frá því árið 2013. Það má gera ráð fyrir einhverjum skekkjum fyrsta árið en ætla má að tölurnar séu mun áreiðanlegri og gefst okkur nú kostur á að sýna þróun milli ára. Málakerfi stofnunarinnar á eingöngu að sýna þau mál sem eru í vinnslu. Ekki er nein þolinmæði fyrir málum sem standa opin og súrna, sem getur t.d. verið vegna þess að umsækjandi er hættur við. Þessum málum er nú lokað, eftir að stofnandi hefur verið látinn vita. Mikilvægt er að hvert mál

hafi réttan ábyrgðarmann og sé í réttri stöðu sem endurspeglar og gefur raunsanna mynd af virkum málum hjá stofnuninni. Sjá má að breyting hefur orðið á fjölda erinda sem er lokað og að meðal-málshraði erinda hefur lækkað töluvert frá því að átakið hófst.


GÆÐAKERFI Í VIRKUM WIKI-VEF, LIFANDI OG HAGKVÆMUR KOSTUR

Öll kerfi stofnunarinnar voru flutt af Lotusgrunni á árinu, þ.á.m. gæðahandbókin Gráskinna. Ákveðið var að losa um samþykktir á útgáfu ferla og setja vinnuferla upp í Wiki-vef. Þetta telst byltinga-kennt þar sem miklar kröfur eru almennt gerðar til gæðakerfa við samþykktir gæðaskjala, enda mikilvægt er að vinnuferlar séu áreiðanlegir, hann-aðir af fleiri en einum og um þá ríki sát. Wiki er hugsað út frá algjörlaga öðru sjónarhorni þar sem áreiðanleiki upplýsingana er jafn mikill og orðspor höfundar gefur til kynna. Það var því mikilvægt að í wiki-gæðahandbókinni komi fram hver breytti síðast og hverju var breytt. Ábyrgðarmenn ferla geta því á mjög einfaldan hátt fylgst með öllum breytingum sem gerðar eru á ferlum þeirra. Meginkostur þess að setja ferla upp í wiki-vef er að starfsfólk getur breytt ferlum strax og allar breytingar eru strax komnar á vefinn. Gæðahand-bókin verður þannig nær starfsfólkinu og meiri líkur að hún verði sú stoð sem henni er ætlað að vera. Og það sem meira er um vert, hún er hagkvæmur kostur, nýttur er staðlaður Wiki-vefur sem fylgir með í Office 365 pakkanum.

TRAUST TIL STOFNUNARINNAR


Um 51% svarenda viðhorfskönnunar Maskínu haustið 2015 töldu Umhverfisstofnun vera í með-allagi trausta og um 34% töldu hana vera trausta. Konur telja Umhverfisstofnun vera traustari en karlar, og sömuleiðis íbúar nágrennasveitafélaga Reykjavíkur frekar en aðrir, einnig þeir sem eru jákvæðir gagnvart henni, þeir sem þekkja hana vel og þeir sem hafa mikinn áhuga á umhverfismálum.





ÍMYND MEÐAL ALMENNINGS


Ríflega 46% svarenda viðhorfskönnunar Maskínu haustið 2015 voru jákvæðir í garð Umhverfisstofnunar og um 12% neikvæð. Konur eru jákvæðari gagnvart Umhverfisstofnun en karlar og sömuleiðis íbúar nágrennasveitarfélaga Reykjavíkur fremur en aðrir. Þá eru þeir sem hafa lokið háskólaprófi, telja stofnunina trausta og hafa mikinn áhuga á umhverfismálum, jákvæðari gagnvart Umhverfisstofnun en aðrir.



HLUTFALL LOKINNA VERKEFNA Á ÁRSÁÆTLUN

Stofnunin leggur ríka áherslu á að ná markmiði sínu um ljúka 80% verkefna á ársáætlun. Verkefni ársáætlunar felast í umbótum sem stofnunin telur nauðsynlegt að fara í til þess að ná árangri.

Undanfarin ár hefur gengið æ betur að ná settum markmiðum með því að brjóta stærri verkefni niður í áfanga sem falla betur innan ársvinnunnar og velja verkefni þar sem stofnunin hefur sem flesta þræði í hendi sér.




SÝNILEIKI Í FJÖLMIÐLUM

Alls var fjallað um Umhverfisstofnun rúmlega 700 sinnum í fréttum og greinum árið 2015. Þar af voru 87 fréttir í sjónvarpi og útvarpi, 215 í prentmiðlum, 290 í netmiðlum og 115 í sérvefum. Með því að skoða síðustu ársmeðtöl yfir fjölmiðlaumfjöllun virðist sem um 700-800 fréttir árlega sé kjörstaða Umhverfisstofnunar. Óvenjumikil fjölmiðlaumfjöllun um stofnunina árin 2011 og 2014 skýrist af díoxín-málinu og eldgosi í Holuhrauni.



Undanfarin ár hefur gengið æ betur að ná settum markmiðum með því að brjóta stærri verkefni niður í áfanga sem falla betur innan ársvinnunnar.



FJÖLDI SAMRÁÐSFUNDA

Umhverfisstofnun starfar á viðfeðnum grunni og þarf að leita samráðs hjá mörgum aðilum. Til að tryggja sem mesta sátt og ná sem flestum sjónarmiðum að borðinu eru haldnir tugir samráðsfunda á hverju ári. Á árinu voru 53 samráðsfundir áætlaðir og 44 voru haldnir.

MÆLING Á MÁLSHRAÐA (TAFLA Á NÆSTU SÍÐU)

Upplýsingar um málshraða er mikilvægt að taka reglulega saman til að fylgjast með hvar er að ganga mjög vel: Í sumum málaflokkum liggja fleiri tugir erinda að baki og næst að afgreiða yfir 80% þeirra innan setts málshraða. Aðrir málaflokkar gefa tilefni til frekari skoðunar. Athuga þarf undirliggjandi ástæður slæms árangurs. Ástæður geta verið, til að mynda þær að erindum er ekki lokað í málakerfi, erindi er rangt flokkað eða vinnuálag of mikið.

En stundum er ástæðan einfaldlega að leiðrétta þarf auglýst málshraðaviðmið eins og í málaflokk starfsleyfa. Þar hafa erindi tekið mun lengri tíma um nokkurt skeið en viðmiðið gefur til kynna, sem þýðir að viðmiðið er ekki raunsant og þarf því að breyta.

MÁLSHRAÐI 2015

LEYFISVEITINGAR I

	LÖGB. FRESTUR	MÁLSHRAÐI	HLUTFÖLL MÁLA Á RÉTTUM MÁLSHRAÐA
Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun: Samtal		180 dagar[1]	● 25%
Leyfi fyrir notkun erfðabreyttra lífvera	Já	90 dagar	● 0%
Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum (9.5.0, 9.5.1. og 9.5.3)(nú 09.07.00 og 09.07.01)		30 dagar	● 78%

LEYFISVEITINGAR II

	LÖGB. FRESTUR	MÁLSHRAÐI	HLUTFÖLL MÁLA Á RÉTTUM MÁLSHRAÐA
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi sæfiefna (07.06.04)	Já	90 dagar	● 100%
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörur (07.07.04)		120 dagar	
Leyfi til leiðsögu á hreindýrasvæðum		40 dagar	● 0%
Leyfi fyrir varpi í hafid og lagningu sæstrengrja		30 dagar	● 71%
Leyfi fyrir myndatöku á friðlýstum svæðum (9.6.1)		15 dagar[2]	● 80%
Leyfi til ljósmyndunar friðaðra fugla (11.15)		15 dagar[2]	● 17%
Flutningstilkynning úrgangs (8.14.5)	Já	30 dagar	● 0%
Undanþága frá merkingu snyrtivara		30 dagar	

LEYFISVEITINGAR III

	LÖGB. FRESTUR	MÁLSHRAÐI	HLUTFÖLL MÁLA Á RÉTTUM MÁLSHRAÐA
Endurnýjun leyfis til leiðsögu á hreindýrasvæðum		15 dagar	● 0%
Notendaleyfi fyrir garðaúðun og eyðingu meindýra		20 dagar	● 82%
Innflutningsleyfi vegna CITES		15 dagar	● 64%
Útflutningsleyfi og endurútflutningsleyfi vegna CITES		15 dagar	
Leyfi til urðunar dýrahæja (8.14.3), sóttmengaður úrgangur		3 dagar	● 100%

EFTIRLIT

	LÖGB. FRESTUR	MÁLSHRAÐI	HLUTFÖLL MÁLA Á RÉTTUM MÁLSHRAÐA
Mengunarvarnaeftirlitsskýrsla með starfsleyfisskyldri starfsemi		45 dagar	● 80%
Önnur verkefni			
Fyrirspurnir um túlkun á lögum og reglugerðum (4)		5/90 dagar[6]	● 100%
Aðgangur að upplýsingum (3.6)		7 dagar	● 65%
Ráðningar í störf (að umsóknarfresti liðnum)		40 dagar	● 100%
Rökstuðningur vegna synjunar starfs	Já	14 dagar	● 100%

UMSAGNIR

	LÖGB. FRESTUR	MÁLSHRAÐI	HLUTFÖLL MÁLA Á RÉTTUM MÁLSHRAÐA
Umsagnir um undanþágur laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (11.8.)		14 dagar	● 50%
Heimild til tollafgreiðslu leyfisskyldra efna og efnablandna (7.7.2, 7.8.3, 7.5.2)		3 dagar	● 84%
Umsagnir um undanþágur frá einstökum rg. settum skv. 4. og 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (6.4.0, 6.4.1, 6.4.2, 6.4.3, 6.4.4,6.4.5,6.4.6)		14 dagar	● 71%
Umsagnir um stjórnsýslukærur		14 dagar[7]	● 57%
Umsagnir um aðalskipulag		42 dagar	● 88%
Umsagnir um deiliskipulag		42 dagar	● 85%
Umsagnir um svæðaskipulag		42 dagar	● 50%
Aðrar umsagnir		42 dagar	● 90%
Mat á umhverfisáhrifum (10.5)		15 - 20 dagar	● 70%
Umsögn um réttindi heilbrigðisfulltrúa (6.3.3)		14 dagar	● 100%
Umsögn um undanþágu á starfsleyfi		14 dagar	● 44%
Umsögn um rannsóknarleyfi á grundvelli l. um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 (10.5.5)		14 dagar	● 43%

EFNI OG EFNAVÖRUR

	LÖGB. FRESTUR	MÁLSHRAÐI	HLUTFÖLL MÁLA Á RÉTTUM MÁLSHRAÐA
Umsagnir um undanþágur og notkun varnarefnis (7.8.2)		7 dagar	● 56%
Verkefni á ársáætlun			● 89%
Málshraði ábendinga		5 dagar	● 46%
Málshraði kvartana		5 dagar	● 20%

[1] 8 vikur er almennur kynningartími, annars 4 vikur, skv. reglugerð.

[2] hámarksími - sent til NI - tekið með í málshraða.

[3] þ.e. eftir 1. apríl. fyrstu kortin eru send út í lok mars. Eftir það gildir málshraðinn

[4] þ.e. eftir 1. júlí, svo fremi að:

- umsókn hafi borist fyrir 15. febrúar
- útdráttur í lok febrúar og þá fyrir 1. apríl þurfa þeir sem voru dregnir út að vera búnir að borga staðfestingargjald
- 1. júlí - að búið sé að borga lokagreiðslu

[5] Einafaldar fyrirspurnir taka 2 daga, en flóknari allt upp undir 20 daga.

[6] Fer eftir eðli fyrirspurnar.

[7] Frestur ráðuneytis/kærunefndar er yfirleitt 10-15 dagar. Stofnunin óskar oft eftir framlengdum fresti um nokkra daga.

Í yfirlitstöflunni birtist hlutföll mála sem eru á réttum málshraða.

● = 0-60% hlutföll erinda á réttum tíma

● = 60-80% hlutföll erinda á réttum tíma

● = 80%-100% hlutföll erinda á réttum tíma

Auður reitur = enginn erindi borist í þeim málaflökki.



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilsstaðir - Hella - Ísafjörður - Mývatn
Patreksfjörður - Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar